

61. Landsþing

Landssambands hestamannafélaga

Haldið í Giljaskóla, Akureyri 12. – 13. október 2018

Þingforsetar

Valdimar Leó Friðriksson

Gretar D. Pálsson

Ritarar

Ólöf Antonsdóttir – Hringur

Guðlaug Sigríður Tryggvadóttir – Þráinn

Eyþór Þorsteinn Þorvarson - Léttir

Þingsetning

Lárus Ástmar Hannesson, formaður LH

Formaður bauð fulltrúum hestamannafélaga velkomna á 61. Landsing L.H. sem Léttir heldur að þessu sinni og bað gesti að klappa fyrir félaginu sem er 90 ára í dag.

Formaður setti þingið formlega og sló á léttu strengi og gaf Birni Jóhanni, formanni Léttis orðið.

Ávarp

Björn Jóhann Jónsson, formaður Léttis

Björn þakkaði þingforsetum og fulltrúum komuna norður, kynnti Létti örlítið og minnti á makaferðina og þingslitafagnaðinn.

Ávarp

Viðar Sigurjónsson, Skrifstofustjóri ÍSÍ á Akureyri

Ræddi mikilvægi íþróttahreyfingarinnar í landinu. Talaði um fyrirmyndarfélög ÍSÍ og harmar að þau séu ekki fleiri innan hestamennskunnar. Viðar hvatti hestamannafélögin

til að kynna sér fyrirmyndarfélögin og kosti þess að hljóta þessa nafnbót. Óskaði þinginu góðs gengis og hvatti hestamenn til dáða.

Látinna féлага minnst

Formaður Lárus Ástmar þakkaði fyrir ávörpin og bað þinggesti um að rísa á fætur og votta látnum félögum virðingu sína.

Kosning þingforseta og þingritara

Valdimar Leó Friðriksson og Gretar D. Pálsson tilnefndir sem þingforsetar og það staðfest með lófataki.

Ólöf Antonsdóttir tilkynnt sem þingritari og tekið var undið það með lófataki.

Félagar heiðraðir

Andrea Margrét Þorvaldsdóttir, Lárus Ástmar Hannesson og Jóna Dís Bragadóttir sáu um heiðrun féлага.

Gullmerkishafar LH 2018 eru:

Ármann Gunnarsson- Léttir/Hringur

Ármann þarf vart að kynna fyrir hestamönnum. Hann er uppalinn í Svarfaðardal og á Dalvík og þar steig hann sín fyrstu spor í hestamenskunni. Hann hefur verið ötull félagsmálamaður alla tíð, bæði fyrir Hring og síðar Létti eftir að hann fluttist til Akureyrar. Einnig hefur hann verið mjög virkur á þingum LH, bæði sem fundarstjóri og þingfulltrúi. Hann er dýralæknir að mennt og hefur sem slíkur aðstoðað og hjálpað ótal sinnum á mótum og fleiri viðburðum. Hann er duglegur hrossaræktandi, sérstaklega nú á seinni árum og hefur ræktað hross í allra fremstu röð. Ármann hefur lengi verið viðloðað félagsmálastörf hestamanna og verið þar einstaklega tillögugóður og víðsýnn.

Ármann Magnússon – Freyfaxi

Ármann er nú orðinn 77 ára og er ennþá mjög atorkusamur hestamaður, var með 9 hross á járnum í vetur. Hann var mjög virkur í starfi Freyfaxa frá 1985 til 2005 sirka. Hann var í allmörg ár í stjórn Freyfaxa og formaður í nokkur ár í tveimur lotum.

Mikilvægasta framlag Ármanns var þó í æskulýðsmálum. Alveg frá því að hann byrjaði af krafti í hestamennsku um 1985 var ævinlega í kring um hann hópur af krökkum, sem fengu lánuð hjá honum hross, hann var einskonar guðfaðir þeirra í hestamenskunni. Má þar nefna Lovísu Herborgu í Hemlu og fleiri. Hann hélt utan um þennan hóp á hestamótum, meðal annars á FM1995 á Fornustekjum, þar sem börn og unglingar frá Freyfaxa stóðu sig mjög vel. Um árabíl stóð hann fyrir „Æskulýðsdögum Freyfaxa”, sem haldnir voru síðsumars og stóðu í nokkra daga, stundum upp undir viku. Kolbrún Kristjánsdóttir og Rosemarie Þorleifsdóttir komu nokkrum sinnum á þessa æskulýðsdaga og voru með dagskrá fyrir börnin. Æskulýðsdagarnir enduðu síðan með góðum reiðtúr, eða hestaferð, sem stundum voru tveggja daga ferðir. Ármann er ennþá öflugur í félagsstarfi í hestamenskunni, þótt það sé með öðrum hætti. Hann er allt í öllu í hesthúsaferfinu í Fossgarði, tæmir taðþrær, heldur við hringvellingum af mikilli alúð og hreinsar snjó af reiðvegum á veturna. Þetta gerir hann á eigin tækjum og alfarið á eigin kostnað.

Áslaug Kristjánsdóttir – Léttir

Áslaug hefur verið viðloðandi félagsmálastörf fyrir Létti í tugi ára. Hún var formaður Íþróttadeildar Léttis í mörg ár og þar að auki í stjórn deildarinnar lengi. Hún hefur verið í stjórn ÍBA sem fulltrúi Léttis í mörg ár og Áslaug hlaut silfurmerki Léttis 2011 og heiðursviðurkenningu Íþróttaráðs Akureyrar 2016 fyrir sín störf í þágu íþrótt- og hestamennsku á Akureyri. Enn þann dag í dag, starfar Áslaug af mikilli alúð fyrir Létti og hefur undanfarin ár séð um allar verðlaunaafhendingar fyrir okkur.

Björn Jóhann Jónsson – Léttir

Björn hefur í tugi ára verið einn af burðarásu Hestamannafélagsins Léttis. Hann var í stjórn þess í mörg ár, í stjórn Melgerðismela og í hinum ýmsu nefndum og ráðum fyrir félagið. Fulltrúi Léttis í mörg ár á landsþingum LH. Björn hlaut silfurmerki Íþróttabandalags Akureyrar fyrir störf sín að félagsmálum hestamanna. Björn var kosinn heiðursfélagi Léttis árið 2008 og er í dag formaður Léttis.

Hólmgeir Valdemarsson – Léttir

Hólmgeir hóf afskipti af félagsmálum Léttis kornungur, innan við tvítugt og hefur verið mjög virkur félagsmaður alla tíð. Hann var í framkvæmdastjórn Melgerðismela í mörg ár, stjórnarmaður í Létti og síðar formaður í framkvæmdastjórn fyrir Landsmótið á Melgerðismelum 1998 og margt fleira hefur hann lagt af mörkum fyrir sitt félag. Hólmgeir hlaut gullmerki Léttis árið 2008.

Jónas Vigfússon – Funi

Jónas er landsþekktur meðal hestamanna fyrir störf sín. Hann hefur verið formaður Hestmannafélagsins Funa í mörg ár og lagt þar mikið af mörkum. Hann hefur hannað og unnið að skipulagi valla og keppnissvæða víða um landið, m.a. á Melgerðismelum enda fagmenntaður á því sviði. Jónas hefur verið fulltrúi fyrir Funa á ótal mörgum þingum LH og alltaf verið þar mjög virkur.

Ragnar Ingólfsson – Léttir

Ragnar hefur verið mjög virkur sem hestamaður, sýnandi, ræktandi og félagsmálamaður alla tíð, enda af hestamönnum kominn. Afi hans Ármann Tómasson var fyrsti heiðursfélagi Léttis 1948 og faðir hans Ingólfur Ármannsson landsþekktur tamningamaður og hestamaður á sínum tíma. Ragnar fetaði í fótspor þeirra og byrjaði kornungur að temja hesta fyrir sig og aðra með afbragðs árangri. Hann var í stjórn Fjölnis, hestmannafélags sem ungir Akureyringar stofnuðu á sínum tíma sem síðar sameinaðist Létti og fór þá í stjórn Léttis og var þar í mörg ár bæði í aðal- og varastjórn. Hann var mjög virkur sýnandi og keppnismaður, Íslandsmeistari í hestaþróttum í nokkur skipti og sýndi gæðinga og kynbótahross með miklum ágætum, t.d. Eldingu frá Höskuldsstöðum sem stóð efst í 5 vetra flokki á Landsmótinu í Skógarhólum 1978 og stóðhestinn Gust frá Hóli sem stóð efstur í 6 vetra flokki á Landsmótinu á Hellu 1994 og hlaut m.a. 9.01 fyrir hæfileika sem þá var met. Gustur er úr ræktun þeirra hjóna Ragnars og Elísabetar. Ragnar tók dómaraþéttindi og dæmdi lengi og víða. Ragnar hlaut gullmerki Léttis árið 2008.

Sigfús Ólafur Helgason - Léttir

Sigfús er flestum hestamönnum kunnur. Hann hefur lifað og hræst í félagsmálum fyrir hestamenn í tugi ára. Formaður Íþróttadeildar Léttis um tíma, formaður Léttis um sex ára skeið og er nú framkvæmdastjóri félagsins. Framkvæmdastjóri Íþróttafélagsins Þórs í nokkur ár, fulltrúi Léttis á þingum LH, stjórnarmaður í Landssambandi hestamanna í 12 ár, stjórnarmaður í Íþróttabandalagi Akureyrar, framkvæmdastjóri Melgerðismela á þeim tíma sem undirbúningur fyrir Landsmótið 1998 stóð sem hæst og svo mætti lengi telja. Sigfús hefur hlotið margar viðurkenningar fyrir störf sín og má þar nefna heiðursviðurkenningu Íþróttaráðs Akureyrar, silfurmerki Íþróttabandalags Akureyrar, Gullmerki ÍSÍ og gullmerki Léttis.

Þorsteinn Hólm Stefánsson – Hringur

Þorsteinn, eða Doddi á Jarðbrú eins og við þekkjum hann, hefur verið félagi í Hring á Dalvík í tugi ára. Hann hefur lagt þar fram mikið starf og mikla vinnu við að bæta og efla starf síns félags. Þorsteinn var m.a. í framkvæmdastjórn fyrir Landsmótið á Melgerðismelum. Hann hefur verið mikill áhugamaður um mótahald og ófá handtökin á Þorsteinn við undirbúning og framkvæmd hinna ýmsu móta. Hann er enn á fullu í sínu félagi og mun halda áfram.

Æskulýðsbikar afhentur

Helga Björk Helgadóttir sá um afhendingu æskulýðsbikarsins, fyrir hönd æskulýðsnefndar LH.

Það var úr vöndu að velja, það voru nokkrar skýrslur sem nefndinni þóttu standa upp úr, en það félag sem varð fyrir valinu bauð upp á ótrúlega fjölbreytt starf fyrir æskulýðinn í ekki stærra félagi. Það eru 23 ár síðan þessi fagri bikar var afhentur í fyrsta skipti, og nokkur félög hafa fengið hann oft en einu sinni. Í ár bárust 21 skýrsla til æskulýðsnefndar, sem er svipaður fjöldi og síðustu ár.

Við sjáum að fleiri og fleiri félög bjóða upp á markvisst nýliðunarstarf sem felst í því að auka aðgengi að hestum til þeirra barna sem ekki eiga hesta. Einnig eru knapamerkin kennd víða og oft í samstarfi við grunnskólann á staðnum. Þarna eru dæmi um nýliðun

og menntamál sem við þurfum að leggja áherslu á í hestamenskunni. Þetta byrjar sem sagt allt hjá æskulýðsnefndunum.

Meðal þess sem boðið var upp á í því félagi sem fyrir valinu varð voru allskonar reiðnámskeið, knapamerkjanámskeið, páskamót, reiðtúrar, sameiginlegar æfingar, videókvöld, jólabingó, járnanganámskeið og margt fleira. Þau veita sérstök hvatningaverðlaun, þau heiðra dugnaðarforka og styðja sérstaklega við ungmenni. Þau hafa unnið að því að bjóða upp á verkefni sem höfða til drengja og bjóða því upp á hindrunarstökk og bogfimi á hestum, eitthvað sem önnur félög ættu að taka til skoðunar því við þurfum að fjölga strákum í hestamensku. Þau niðurgreiða námskeiðagjöld í æskulýðsstarfi og fjölgaði félögum 21 árs og yngri um tæp 30% á milli ára og telja þau það vera vegna betra aðgengis að hestum. Þau leggja mikinn metnað í reiðnámskeiðin og aðlaga þau að þörfum nemenda í hverjum aldursflokk. Skýrslan var upp á 17 blaðsíður og afar skemmtilega myndskreytt frá viðburðum félagsins.

Handhafi Æskulýðsbikars hestamanna árið 2018 er Hestamannafélagið Hringur. Ég óska þeim til hamingju með frábært æskulýðsstarf og bið fulltrúa félagsins að koma og veita bikarnum viðtöku.

Kjörbréfanefnd skilar álit

Fyrir hönd kjörbréfanefndar las Kristján Þormar Gíslason upp nöfn þeirra fulltrúa sem félögin tilnefndu á þingið, samþykkt var að tilteknir aðilar færu með umboð fyrir hönd tiltekinna fulltrúa sem komust ekki til þings. Samþykkt með þorra atkvæða. Þeir sem voru á móti voru átta.

Afmælisgjöf

Lárus Ástmar Hannesson og Jóna Dís Bragadóttir afhentu Létti sem er 90 ára í ár afmælisgjöf fyrir hönd LH og Björn Jóhann Jónsson, formaður Léttis tók við gjöfinni, og fundarmenn sungu afmælisöng fyrir félagið.

Skýrsla stjórnar

Lárus Ástmar Hannesson, formaður LH flutti skýrslu stjórnar fyrir árin 2018-2018 en þetta hafa verið atorkusöm ár með kröftugri stjórn og varastjórn, sem ávallt er boðuð

með á fundi, og mæting yfirleitt með ágætum. Lárus taldi upp stjórnarmenn LH og fór einnig stuttlega yfir nefndir LH og störf þeirra og sagði starfið byggjast á því öflugum fólki sem starfar í nefndum ekki síst, það er ekki bara stjórn og varastjórn sem dregur vagna. Sjá nánar í fylgiskjöllum “skýrsla stjórnar”.

Aganefnd – veit ekki til þess þetta árið að eitt einasta brot hafi komið inn á borð aganefndar.

Keppnisnefnd – það er ein af þeim nefndum sem þarf reglulega að funda og fylgist vel með þeim málum öllum, sem eru gríðarlega stór vettvangur.

Landsliðsnefndin – misjafnlega stór verkefni hjá þeim, þau eru minni árin sem eru Norðurlandamót, en það er á sléttu tölunni. Stærra ár hjá þeim þegar við förum til Berlínar í ágúst nk.

Mannvirkjanefnd – er kölluð til ef eitthvað þarf að líta á mannvirki, þá helst tengt landsmótum og eru þar sérfræðingar í völlum, mönum og öðru slíku.

Menntanefnd – sér um og heldur utan um menntamálin hjá okkur og þar hefur samtarf verið að aukast við skólafnanir. Það er vel og þangað þurfum við að róa.

Ferða- og samgöngunefnd – þar er mjög öflug nefnd sem þarf að útteila stórum fjárhæðum, þó þær séu ekki jafn stórar og við vildum hafa þær. En það er skemmtilegt að nú er verið að setja og aðstoða við að setja upp vegpresta, merkingar á reiðleiðum, auk þess sem það var haldin stórgóð ráðstefna um reiðvegamálin í Borgarnesi.

Tölvunefnd – þar er stórt ár að baki. Þar hafa þeir skilað af sér nýjum Sportfeng, keppnisforriti, sem er að virka mjög vel og auðveldar mótshöldurum utanumhald, minni pappír og auðveldar okkur sem fylgjumst með og keppendum einnig, að líta á niðurstöður og þar spilar mjög skemmtilega með Appið sem við létum smíða fyrir Landsmótið. Okkar von er að þetta eigi eftir að eflast enn meira og jafnvel vinna lönd handan hafsins.

Æskulýðsnefndin – var að veita viðurkenningu fyrir gott starf. Sú nefnd er hvetjandi og aðstoðar félög við æskulýðsmálin. Það er eitthvað sem við þurfum alltaf að vera að huga að og þurfum að gefa enn meiri gaum í komandi framtíð.

Öryggisnefndin – er þarna forms síns vegna. Var sett á laggirnar á sínum tíma til að berjast fyrir hjálmanotkun og öðru slíku. En kannski þurfum við bara að slá í klárinn með

Það varðandi vesti, endurskinsvesti, enn meiri hjálmanotkun o.s.frv. svo það dofni ekki yfir því.

Laganefnd – var sett á stofn og hefur það hlutverk að vera stjórn innan handar með endurskoðun á lögum og fara yfir tillögur og annað slíkt. Þar þurfum við að bæta um betur áfram og gerum ráð fyrir því í áætlunum að setja fjármagn í endurskoðun á lögum. Dómaranefnd – er formsnefnd sem fer yfir úthlutun dómara á stærri mót, kemur ekki oft saman, en undir vorið til að samþykkja dómara á landsmót, íslandsmót og annað slíkt. Valnefnd – sér um að tilnefna og finna okkar úrvals knapa. Valnefnd skilaði af sér til stjórnar fyrr í dag, tillögum að knöpum til útnefningar og þetta verður birt á næstu dögum.

Afrekshópurinn – það er verkefni sem hefur verið í gangi í þrjú ár og er að þrælvirka. Páll Bragi Hólmarsson var fyrsti umsjónarmaður starfsins, skilaði góðu verki og þökkum við honum gott starf. Af honum tók við, fyrir nokkrum mánuðum, Arnar Bjarki Sigurðsson, metnaðarfullur ungur knapi sem er að gera þetta mjög vel. Það er spennandi að sjá hvernig þetta er og mun þróast. Er aðallega til þess að búa knapana okkar undir að takast á við stór og erfið verkefni hvort sem er héraendis eða erlendis.

FEIF youthcup – er á vegum Æskulýðsnefndar í samstarfi við FEIF og það voru níu þátttakendur sem fóru út frá Íslandi. Það eru þessi tvö verkefni sem skiptast á, en það eru FEIF Youthcup og Camp (ekki eins mikil keppni). FEIF var í Svíþjóð í sumar og næsta ár er Camp.

Skógarhólar – er verkefni sem er vert að sinna og við gerum vel. Staðarhaldarar voru endurráðnir, sem hafa verið starfsmenn nú í þrjú sumur. Það kemur alltaf betra og betra lag á Skógarhóla sem eru að skila núna um 4,5mkr brúttó. Talsvert fjármagn hefur verið sett í endurbyggingu og endurbætur á staðnum og munum bæta í á næsta ári ef áætlun okkar verður staðfeest. Við þurfum að sína þessum stað sóma sem við eigum og berum ábyrgð á. Gaman að sjá hvernig þetta er hægt og rólega að potast og þannig viljum við hafa það.

Samstarf BÍ, er ansi mikið og er að aukast, og mikilvægt að hafa það í huga að án þeirra værum við í erfiðum málum með marga hluti. Erum með sameiginlegt eignarhald á Landsmót ehf., þeir eru að aðstoða okkur við að reka tölvukerfi og núna síðasta verkefni sem er vinna og varðveisla myndefnis frá landsmótum. Það er orðið ansi stórt verkefni sem mun halda áfram og liggur hjá okkur aðgengi að þessu efni. Hægt að logga sig inn og skoða hvert þetta er komið, í raun bara toppurinn á ísjakanum sem stendur upp úr. Það hefur verið eytt í þetta talsverðu fjármagni, en gaman að segja frá því að þetta hefur verið nánast fjármagnað með styrkjum að fullu. Á eftir að styrkja okkur og nýttast greininni. Okkur bar skylda til að halda utan um þetta og varðveita þetta.

Horses of Iceland verkefnið. Erum virkir þátttakendur í því, stórt verkefni, stærsta markaðsverkefni sem hefur verið farið í fyrir íslenska hestinn og okkur. Mikill metnaður í því. Fyrri tveimur árunum er lokið og tvö ár eftir af þessu verkefni sem mun ná yfir 4 ára skeið. Verkefni sem ríkisstjórnin setti af stað með krónu á móti krónu framlagi. Í stjórn Horses of Iceland f.h. LH sitja Jóna Dís Bragadóttir og Rúnar Þór Guðbrandsson.

Sportfengurinn – þetta er verkefni sem við þurfum alltaf að hafa á bak við eyrað, og þarf að reka sig. Ekki rétt að vera að taka mikla peninga á hverju ári út úr félagsstarfinu okkar. Þurfum að fókusa meira á nýliðun og unga fólknið okkar.

Landsmót 2018 var haldið á svæði hestamannafélagsins Fáks í Víðidal, þar sem mikil uppbygging átti sér stað, samstarfið var ánægjulegt, en rekstur Landsmóts var alfarið í höndum Fáks, þar sem breytt hefur verið fyrirkomulagi Landsmóts. Fyrirkomulag sem hefur verið notað á heimsleikum og með þessu móti eiga svæðin og félögin að eiga auðveldara með að ná í fjármagn til sveitarfélaga og fyrirtækja. Uppgjöri er ekki lokið ekki upplýsingar fyrirliggjandi um niðurstöður rekstrarins á þessum tíma. Fáksmenn geta verið stoltir af glæsilegu móti og við færum þeim þakki fyrir þeirra framlag til hestamenskunnar með þessu landsmóti.

Landsmótin framundan

Næsta mót verður haldið á Gaddstaðarflötum 6.-12. júlí 2020, en það er viku síðar en venjan hefur verið.

Viljayfirlýsing hefur verið undirrituð um Landsmót 2022, að það verði á svæði Spretts í Kópavogi og það var okkar niðurstaða að Sprettur fengi tækifæri til að halda landsmót.

Meistaramót Norðurlanda hafa verið færð fram fyrir LM 2020 sem gefur þeim knöpum kost á að mæta á LM.

Aukið samstarf við Norðurlöndin hefur skilað því að Norðurlöndin hafa fært sín mót framfyrir landsmót og nú þurfum við að ná fleirum með okkur í þetta og vinna áfram á næsta FEIF þingi. Margir möguleikar enn í samstarfi og norðurlöndin hafa m.a. áhuga á því að nota með okkur Sportfenginn og appið og það er skoðunar vert og verður unnið áfram. Ef af því verður, þá erum við einnig kominn með stærri tekjugrundvöll til að vinna þetta áfram.

Íslandsmót 2018 var haldið á vegum Spretts á svæði Fáks, sem er jákvætt og sýnir víðsýni og gott samstarf félaga. Íslandsmótið var bæði fyrir yngri og eldri flokka og var hið glæsilegasta og vel að öllu staðið. Færir Spretti þakkir og Fáksfólki þakkir fyrir svæðið.

Menntaráðstefna á Hólum á vegum menntanefndar FEIF gekk mjög vel. Uppselt var á ráðstefnuna, mikill metnaður og almenn ánægja.

Norðurlandamótið í Svíþjóð. Sendum lið þangað, það var í Margrétarhofi í ágúst, frábær staður. Þar eru miklir möguleikar og miðað við stemmninguna á mótinu, þar sem keppt var í gæðingakeppni líka, þar er mikil stemmning á Noðurlöndunum fyrir því að auka gæðingakeppni. Eitt af okkar stærstu sóknarfærum, eru orðin 3-4 daga mót með 3-400 skráningum og stækkar stöðugt. Þar vilja menn ræða það að eins og við gerðum með norðurlandamótin með gæðingakeppnina sem tilraunagrein, að setja gæðingakeppni inn sem tilraunagrein á HM og þar þurfum við að sækja fram á næsta FEIF þingi.

Nýr liðsstjóri er Sigurbjörn Bárðarson og liðstjóri afrekshóps LH Arnar Bjarki Sigurðarson. Ísland átti metþátttöku og var fjölmennasta liðið sem hefur verið sent hingað til og það vakti sérstaka athygli árangur yngri knapanna og þar eignuðumst við einn fimmfaldan Norðurlandameistara.

Verkefnin eru ærin á næstu árum, og skiptir miklu máli að við göngum í takt og þar eru okkar stærstu verkefni að finna leiðir og hvetja til aukins samstarfs á milli LH, hestamannafélaga og skólastofnana á svæðunum því það er áhyggjuefni að ef við skoðum iðkendalista þá eru þetta mikið krakkar sem eru að tengjast hestamenskunni á einn eða annan hátt og hafa aðgang að því efni sem þarf til að geta stundað hestamennsku hvort sem það er hestur, reiðtygi eða aðstoð. Réttu leiðin er í gegnum skólana tel ég vera og þá þurfum við að setja meiri fókus á þá sem hafa ekki þennan aðgang. Þetta held ég að við séum sammála um að sé okkar framtíðar stóra verkefni. Sum félög eru sem betur fer komin með félagshesthús og það held ég að við þurfum að skoða upp á nýtt. Verkefni framtíðarinnar sem verður gaman fyrir stjórn LH að takast á við.

En framtíðin er björt og það er mjög mikilvægt að samstarf og samstaða innan greinarinnar haldist og eflist og það er mjög ánægjulegt hversu gott samstarf hefur verið á milli LH og Félags hrossabænda, Bændasamtakanna og þeirra aðila sem við þurfum helst að styðja okkur við og styðja hvert annað.

Ársreikningar 2016 og 2017 lagðir fram

Ólafur Þórisson lagði fram reikninga fyrir árin 2016 og 2017 og fór yfir helstu atriði.

Reikningar eru aðgengilegir á vef LH.

Ólafur fór yfir átta mánaða rekstur LH 2018 ásamt því að kynna fjárhagsáætlanir 2019 og 2020.

Fjárhagsáætlun og ársreikningum verður vísað til fjárhagsnefndar.

Umræða og vísað til nefnda

Guðmundur Birkir Þorkelsson:

Segir alltaf gaman að koma á landsþing, hitta vini sína og sjá ný andlit. Treystir því og segist vita að við munum hafa hér árangursíkt þing og ganga glöð og sátt frá borði þegar við förum héðan á sunnudaginn. Það sem leiddi hann upp í pontu var að hann fór að gramsa í fundargerðum og rakst þar á hluti sem honum fannst ástæða til að tala um og kannski finna að.

Einnig að fram kom í haust formannsframboð gegn sitjandi formanni og í kjölfarið leiðindaskrif á samfélagsmiðlum sem Guðmundur segir alltaf ömurleg, leiðindagagnrýni sem á ekki að sjást, m.a. frá stjórnarmanni og það hvatti hann til að fara að skoða þetta. Guðmundur fór því yfir allar fundargerðirnar, nefnir við stjórnina að hún þurfi að vera duglegri að koma fundargerðunum sínum í birtingarhæft form á netinu.

Þegar hann fór að skoða fundargerðirnar þá kemur það í ljós að þessum tveimur árum, þá virðist vera ágreiningur um tvö mál. Hann virðist vera dálítið djúpur, þegar Guðmundur fór að heyra í fólki og það sé ansi mikil undiralda í þessu og hún lýsir sér nú í því að Sprettarar geta ekki sprett úr spori, þeir koma með umboð frá helmingnum af sínu fólki og það segi sína sögu. En hann segist taka eftir því að þeir sem eru á landsbyggðini, þeir mæta hér alveg hreint þrúðir og tilbúnir að taka þátt í þessu þingi. Svona í framhjálaupi þá finnst honum þessi umboðsmál ekki í lagi, er ekki hrifinn af því og heldur að við ættum að fara að skoða það hvort við eigum að leyfa svona. Þetta sé ekki lýðræðislegt.

En það eru þarna tvö mál sem Guðmund langar að tæpa á. Hann hafi verið á formannafundinum síðasta og það kemur sem sagt í ljós í fundargerð að þar sem hann og flestir aðrir hélt hann, fóru mjög sáttir frá þeim fundi, þar sem var ákveðið að ágreiningur var leystur að því er þeir töldu, með lófataki. En seinna hafi komið í ljós að í stjórn hafi komið upp tillaga um að biðja valnefnd afsökunar á því sem hafði verið gert á formannafundinum, sem stjórnin stóð fyrir. Þetta kom alveg flatt upp á hann og þetta var samþykkt með fjórum atkvæðum gegn þremur og hann vill gera athugasemdir við þetta. Finnst þetta ekki vera rétt aðferð, alveg burtséð frá því sem á undan var gengið og

segist vita að það hafa allir eitthvað til síns máls, en þetta fannst honum ekki vera góð stjórnslá.

Annað líka, sem hann langar að minnast á, annað sem var ágreiningur um og hann gagnrýnir stjórnarmenn líka að hafa ætlað sér að samþykkja gegn vilja keppnisnefndar LH, skeiðmet sem sá mikli ofurknapi Konráð Valur setti. Tími fyrir skeiðmet, þá voru aðstæður þannig að samkvæmt öllum venjulegum reglum, þá var ekki nokkur leið að samþykkja það en samt voru þrír stjórnarmenn tilbúnir til þess, að manni fannst, bara af því að þetta er svo góður strákur, og það er hann sannarlega, að þá þyrfti að samþykkja þetta met. En þarna vantaði vindhraðamæli, tölvutengingu við tímatöku og það voru einhverjir tveir dagar frá því að metið var sett og þar til völlurinn var mældur og það finnst honum alveg síðasta sort. Þetta finnst honum ámælisvert.

Og svo rétt svona í lokin, þá skilur hann ekki heldur, sem hann sá í fundargerð að met sem sett var 1. eða 2. júlí 2016 á Hólum hafi verið staðfest 25. febrúar í ár. Skilur ekkert í hvernig hægt var að vesenast með það. Veit ekki annað en allar skýrslur með það hafi verið í lagi og langar til að spyrja hvernig í ósköpunum stendur á því? Það var eins gott að það var hægt að staðfesta það áður en það komu svo bara þrjú met í röð nokkrum mánuðum seinna.

Fyrir utan annað, sem er minniháttar mál, en fer í taugarnar á honum. Í fundargerðinni, allt í lagi þó menn skrifi skeiðmet Bjarna Þorkelssonar í staðinn fyrir met Bjarna Bjarnasonar, en þetta var sem sagt met Heru frá Þóroddsstöðum. Hún var þó aldrei nefnd til sögunnar. Þetta eru vandræði í þessu hjá okkur, það eru hrossin sem eru að keppa, bæði í gæðingum og skeiði en það er eins og það geti ekki skilist að það eigi að segja frá því að það er hrossið sem setur met en ekki knapinn.

Guðmundur bætir við í tengslum við umræðuna um reikningana að í fyrsta lagi þá á náttúrulega ekki að bjóða okkur upp á að horfa á þetta glæruvesen, það sá ekki nokkur maður nokkurn hlut þarna. Það verður að vera sæmilegt letur á þessu.

Miðað við að það er góður gangur í fjármálum LH þá er hann á móti því að það sé verið að hækka félagsgjöldin. Í félaginu hans þá er núna á nokkrum árum búið að hækka félagsgjöldin úr þremur þúsundum í fimm þúsund og þykir sumum mikið, en af því fara á hálf fjórða þúsund beint til LH. Hann sér ekki ástæðu til að vera að klípa meira af félögnum, þau hafi nóg með sig.

Að endingu minnst hann á að landsmóttin séu að verða vandamál hjá okkur. Þau séu allt of löng og það er nú ein skýringin á því að menn koma ekki frá útlöndum, að þeir þurfi að hanga hérna dögum saman og það verði að fara að gera eitthvað í því að stytta þessi mótt, þannig að þau séu bara fjórir dagar. Einnig finnst honum góð hugmynd sem hann heyrði nýlega að það væri kannski rétt að hafa þau þriðja hvert ár, heimsmeistaramótt líka þriðja hvert ár, og svo norðurlandamótt og Suður-Evrópu mótt þriðja árið. Finnst að við ættum að ræða alvarlega núna á þessu þingi.

Þegar þeir sunnlendingar 2016 reyndu að fækka gæðingum með ágætri útfærslu, þá vorum þeir slegnir alveg út af laginu og það var bætt við þessum aukahestum sem komu inn á einkunnum. Sex hestum í viðbótt, á meðan þeir voru búnir að fækka um 30 hélt hann.

Guðmundur óskar okkur alls hins besta og treystir því að við getum verið fólk til að vera málefnaleg, þó við séum ekki sammála um málefni eða frambjóðendur, og þakkar fyrir sig.

Halldór Halldórsson í Spretti

Hefur sótt LH þing í 31 ár og segist aldrei fyrr hafa verið sakaður á LH þingi um að koma á þing í annarlegum tilgangi og veit ekki hvað Guðmundur Þorkelsson er að fara með þessu en tekur undir með Guðmundi að á heimasíðu LH séu gögn ekki nægjanlega aðgengileg. Ræðir að þeir sem eru í formennsku fyrir nefndum LH beri að skila fyrir þing skýrslum, 14 dögum fyrir þing, það er ekkert af þessum skýrslum aðengilegar á netinu. Þetta væri mjög æskilegt að væri, til að þingfulltrúar, sem hafa hug á að sækja störf í nefndum, hafi kynnt sér störf nefndanna fyrir þingið og eru þá svona þokkalega vel undirbúin.

Skapti Steinbjörnsson

Þakkar Léttismönnum fyrir góðar móttökur, en erindi hans í þöngu var aðallega valnefndarmálið sem Guðmundur Birkir minnst á og sagðist Skapti vera tengdur því frá upphafi til enda. Sagðist Skapti ekki ætla að rekja þá sögu alla en vildi leyfa þinggestum að kynnst því hvernig er að eiga við andlitslausa nefnd sem starfar í

ábyrgð stjórnar LH og eiginlega hvernig valnefndin fór bara stórkostlega illa með stjórnina.

„Við lentum tveir í því, það var ég og Sigðurður Sigurðarson sem þið þekkið öll. Við vorum sakaðir um agabrot og vorum þess vegna ekki gjaldgengir til gæðingaknapa ársins. Við unnum þetta að vissu leyti í sameiningu, en ég skrifaði bréf til LH, til stjórnar LH því það er ekki hægt að ná sambandi við valnefndina, og fór fram á það að það yrði útskýrt fyrir mér hvað stæði til, og hver þessi agabrot væru því ég hafði aldrei heyrt nokkurn tímann minns á eitt né neitt í því sambandi. Við gátum kreist út svar frá nefndinni, það tók langan tíma og töluvert þjark og þá fyrst varð maður náttúrulega mjög hissa. Það voru alls konar agabrot sem var beint til mín. Ég átti að hafa hagað mér eins og dóni á kynbótasýningu og dregið hross úr keppni sem ég mátti ekki gera og bara í stuttu máli þá stóð ekki steinn yfir steini, það var ekkert satt sem kom frá valnefndinni. Hún rétti mér þarna tromp sem ég átti aldrei von á því að þurfa á að halda. En ég skrifaði aftur, rakti þetta alveg staf fyrir staf og það var alveg sama, það var ekki hlustað á eitt né neitt og meirihluti stjórnar stóð staðfastlega með valnefndinni þannig að ég tók málið upp, með leyfi fundarstjóra, á formannafundinum. Fór bara í gegnum þetta í stórum dráttum, spurði alla stjórnarmenn, persónulega bara úr pontu, hvort þetta væri starfsemi og stjórnsýsla sem þeir ætluðu að starfa eftir í framtíðinni. Ég fékk að vísu ekki svör frá neinu þeirra en strax á eftir fór stjórn LH og hélt fund og upp úr því kom tillaga frá stjórn um að sætta þetta, en það þurfti lögmann til. Eftir fund með lögmanni, þá var loksins hægt að bakka út úr því sem valnefndin hafði gert. Yfirlýsingin var lesin upp á formannafundinum, samþykkt, eða það var klappað fyrir henni, og ég samþykkti hana líka og Sigurður, sem við, allavega ég, sé mjög eftir að hafa gert. Það héldu allir að málið væri búið og við vorum beðnir afsökunar á þessu að hafa orðið fyrir þessu áreiti. En svo segi ég eins og Guðmundur Birkir, ég fór að skoða fundargerðir og í nóvember þá samþykkir meirihluti stjórnar að taka til baka það sem hún sjálf kom með á formannafundinum. Einnig það sem formannafundurinn samþykkti, þessa sátt. Þetta er náttúrulega alveg dæmalaus stjórnsýsla og ég vona að þessir aðilar, sem stóðu fyrir þessu, að þeir komi hérna og útskýri fyrir okkur hvað þeir meina með þessu. Hver er eiginlega, eða hvað ætliði ykkur með þetta. Ætliði að starfa svona áfram ef þið fáið kosningu á þessu þingi? Ég bið um svar. Og með leyfi þingforseta þá ætla ég að fá að

lesa bókun frá þessum stjórnarfundum. Því það voru ekki allir sammála í stjórninni um þetta. Lárus Ástmar kom með mótmæli, á ég að lesa það upp? „Afgreiðsla stjórnar um hvort senda eigi afsökunarbréf til valnefndar. Samþykkir Andrea, Eyþór, Helga, Jóna og Sóley sem situr fyrir hönd Hauks. Á móti er Lárus og Ólafur sat hjá. Lárus bað um sérstaka bókun vegna þessarar atkvæðagreiðslu: „Bókun vegna atkvæðagreiðslu um afsökunarbeiðni stjórnar LH til valnefndar LH vegna ákvörðunar stjórnar sambandsins á formannafundi þann 27. október þess efnis að bæta Sigurði Sigurðarsyni og Skapta Steinbjörnssyni á lista þeirra fimm knapa sem tilnefndir voru sem gæðingaknapar ársins 2017. Valnefndin starfar í nafnleynd og á ábyrgð stjórnar LH. Það er því sérstakt að stjórn LH sé að biðja nefnd, sem starfar á ábyrgð stjórnar, afsökunar á jafn sjálfsögðum gjörningi og að leiðrétta þau mistök sem gerð voru við tilnefningarnar. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum var það rétt ákvörðun stjórnar að bæta áður nefndum knöpum inn í hóp tilnefndra í hópi gæðingaknapa. Sú ákvörðun sýndi kjark og auðmýkt stjórnar gagvart því verkefni að standa vörð um að félagar Landsambandsins standi félagslega jafnfætis. Þessi samþykkt meirihluta stjórnar LH að efnislega bakka út úr þeirri ákvörðun tel ég því ranga og greiði atkvæði gegn henni.“ Svo mörg voru þau orð. Ég tel að þetta sé stjórnsýsla sem er komin langt út fyrir allan þjófabálk. Stjórn, meirihluti stjórnar dregur til baka ákvörðun og sátt sem hún er nýbúin að samþykkja, og líka í trássi við formannafundinn. Ég vona að við veljum okkur fólk sem getur sýnt sanngirni og heiðarleika og það kemur í hlut okkar núna á þessu þingi. Það væri hægt að hafa mörg orð og lengri orð en ég ætla ekki að tala lengur núna. Takk fyrir.“

Andrea Margrét Þorvaldsdóttir úr stjórn LH

Svar til Guðmundar

Varðandi aðgengi skýrslanna, þá var heimasíðan uppfærð og skýrslan datt út í örfáa daga. Stjórnin telur sig í flestum tilfellum vera fljót að setja fundargerðir inn á heimasíðuna.

Varðandi metið sem Konráð Valur setti hjá Fáki, þá var það þannig að stjórn samþykkti þetta eftir bréf bæði frá keppnisnefnd og laganefnd. Keppnisnefnd var klofin í þessu máli, meirihluti keppnisnefndar ákvað að hafna þessu meti og því sendi stjórn það til

laganefndar, því talið var að öllum gögnum hafi verið skilað og öllu verið fylgt eftir skv. lögum landssambandsins og laganefnd sendi inn ályktun sem segir í grófum dráttum að laganefnd telur vandséð að byggt verði á öðrum lögum og reglum en þeim sem birt eru á heimasíðu LH og eru gildandi lög LH. Niðurstaðan sé því að að met Konráðs Vals og Kjarks hafi fylgt öllum lögum og reglum sem L.H. hefur sett. Andrea las lögin og hvergi stendur að vindmælir þurfi að vera á staðnum og full sannað þyki að vindur fór ekki yfir 5m/s eins og lög L.H. kveða um. Góð ábending um að geta eigi hestsins sem setur metið og því verður kippt í liðinn.

Svar til Skapta

Ástæðan fyrir því að stjórn sendi valnefndinni þessar afsökunarbeiðni fyrir að taka fram fyrir hendurnar á þeim er af því að þessi tillaga sem lesin var upp á formannafundinum var aldrei samþykkt af stjórn. Stjórn fór þarna niður og skrifaði bréf, það er rétt. Fjórir fulltrúar úr stjórn sem funduðu með Óðni Elíassyni lögmanni og skrifuðu bréf þar sem tillaga var borin upp um að bæta Skapta Steinbjörnssyni og Sigurði Sigurðarsyni inn á þennan lista og leysa þetta mál þannig. Svo átti þetta að fara fyrir stjórn og valnefnd til umfjöllunar en áður en að því kom var búið að tilkynna Skapta og formannafundinum þetta bréf. Það er það sem við erum fyrst og fremst að gagnrýna; þetta fékk ekki samþykki stjórnar áður en þetta fór í loftið.

Lárus Ástmar Hannesson fór yfir nokkra punkta sem tengjast fyrri umræðum. Byrjaði á því að nefna að bagalegt væri að met sem sett var 2. júlí 2016 hafi ekki verið samþykkt fyrr en í febrúar 2018, það séu ekki góð vinnubrögð.

Hefur verið að fletta í gegnum fundargerðir núna undanfarið, ekki síst í kjölfarið á þeim málfutningi sem hefur snúið að honum. Afsakaði ranga skráningu á heimsmeti Bjarna Bjarnasonar og Heru frá Þóroddsstöðum í 250m skeiði í skýrslum LH og sagði það verða leiðrétt.

Ræddi styttingu á landsmótum, umræðuna eilífu, en mótið á Hólum var sex dagar, mótið í Reykjavík var átta dagar og mörgum þótti nú sunnudagurinn góður með ungu

knapana. Veit ekki betur og hefur heyrt að mótið á Hellu verði sex dagar og endi á laugardegi.

Varðandi Valnefndarmálið, þá kristallast kannski þarna að þetta eru nú kannski ekki stórmál sem við erum ósammála um þetta góða fólk í stjórninni. Erum búin að lyfta Grettistaki víða og þetta er ekki stórmál í heila samhenginu.

Varðandi metið, þá var það sent til greiningar til sportfulltrúa FEIF og því var hafnað. Það er þannig varðandi reglurnar okkar að FIBO reglurnar þær gilda alltaf, nema íslensku keppnisreglurnar gangi lengra. Á þeim forsendum var því miður ekki hægt að samþykkja þetta met með því að taka vind í gegnum veðurstofu, en hann setti nú stórkostlegt Íslandsmet í sumar þessi frábæri knapi.

Varðandi bréfið sem hér kemur til umræðu, sagðist Lárus hafa skynjað hvert stefndi í þeim málf lutningi sem að honum snéri og setti sig því í samband við Óðinn Elíasson sem var lögmaður stjórnar á þeim fundi sem boðað var til í húsakynnum LH á formannafundinum þar sem hluti þinggesta var. Las hann upp bréf sitt til Óðins og greindi jafnframt frá þeirri staðfestingu Óðins á því að upplifun hans af fundinum hafi verið í samræmi við það sem í bréfinu stóð.

Að þessu sögðu sagði Lárus málið fullupplýst af sinni hendi, og sagðist stoltur af þeirri bókun sem hann lagði fram á fundinum. Sagði að endingu að ef þetta séu stærstu vandamál okkar hestamanna þá séum við á góðum stað.

Þingforseti vísaði ársreikningum og fjárhagsáætlun til fjárhagsnefndar.

Kaffihlé

Horses of Iceland

Rúnar Þór Guðbrandsson segir frá herferðinni Horses of Iceland, en hann er í stjórn verkefnisins. Verkefnið er nú á þriðja ári og hefur tekist vel til. Verkefnið hefur 63

samstarfsaðila, sem eru m.a. LH, FHB, erlend samtök, hrossaræktarbú og fyrirtæki í hestatengdri þjónustu. Markmið og áherslur verkefnisins er: Að auka vitund um og styrkja ímynd íslenska hestsins á alþjóðavettvangi, en þar erum við í samkeppni við önnur hestakyn. Leggja grunn að aukinni verðmætasköpun, auknum gjaldeyristekjum vegna sölu á hestinum og vörum og þjónustu tengdri honum. Koma á víðtæku samstarfi aðila í íslandshestasamfélaginu á heimsvísu. Koma fram með samræmd skilaboð um það hvað við teljum að íslenski hesturinn standi fyrir, en það er grundvöllurinn í öllu markaðsstarfi að við vitum hvað við ætlum að kynna. Það var svolítið á reiki áður en þetta verkefni fór í gang og að verkefninu kom mikill hópur áhugasamra einstaklinga, þar sem fólk kom saman og það var krufið rækilega hvað íslenski hesturinn skyldi standa fyrir, og á því byggir þessi herferð.

Þýskaland, Svíþjóð, Danmörk og Bandaríkin eru þau lönd sem herferðinni er helst beint að en yrði útvíkkað síðar. Markaðsstarfið er öflugt og mikið á samfélagsmiðlum og á öðrum vefum. Heimasíðan er komin á fjögur tungumál. Samfélagsmiðlanir eru gríðalega mikilvægir í nútíma markaðsstarfi og er Horses of Iceland með rúmlega 80 þúsund fylgjendur á samfélagsmiðlum. 90% fylgjenda á Instagram eru konur, sem er í takt við hestaíþróttina erlendis. Instagram reikningurinn er með mjög virka fylgjendur, sem gefur til kynna að markaðsetningin hafi heppnast vel.

Rúnar fór yfir helstu verkefni árána 2017 og 2018 og myndböndin sem Horses of Iceland hefur gefið út og velgengni þeirra, og sýndi einnig eitt þeirra.

Horses of Iceland héldu hestadaga í Reykjavík til að auka áhuga innanlands jafnt sem utanlands.

Hestaferðir: Hugmyndir, undirbúningur og upplifanir

Hermann Árnason hélt kynningu á ferðum sínum um landið.

Hóf kynningu sína á að þakka fyrir að fá að koma á þingið, það sé mikill heiður að fá að halda erindi um það sem hann hefur verið að gera undanfarin ár, að sinna þessari þráhyggju sinni að ferðast á hestum.

Það má segja að frá barnæsku hefur Hermann haft þessa þrá sem tengist hestamenskunni en sennilega var það í kringum árin 2000-2002 að hann ákvað að selja jörðina sína og hætta búskap og sér ekki eftir því í dag. Það æxlaðist þó þannig að

hann fór til SS í 11 ár og þar á eftir vann hann sem sæðingamaður hjá Búnaðarsambandinu, með þeim skilmálum að hann væri nokkuð laus við á sumrin, til að sinna hugðarefnum sínum. Fyrsta hugmyndin sem var hrint af stað var þessi svokallaða Vatnareið sem farin var 2009 frá Hornafirði og öll vatnsföll riðin á Suðurlandi, sem tókst svona ljómandi vel. Þar var fetað í fótspor landspósta og þeirra sem ólu Hermann upp í hestamennsku. Hugmyndin var upphaflega sú að vera með víkingaklúbb og voru þeir sjö sem kláruðu þennan túr og hluti fór næsta túr 2011 og enn færri austur á Jaðar í næstu ferð. 2013 fækkaði þeim enn í strangri níu daga ferð frá Hvolsvelli í Arnarfell og eftir það dattu víkingaklúbbmeðlimir alveg út. Síðan er það 2016 sem Hermann fór aftur fyrri hlutann af þessari leið og sá þar að hann gæti ekki fjármagnað þetta einn. Síðan hefur hann verið með traustan hóp svissneskra ferðalanga. Markmiðið var að keyra hestana sem allra minnst, því hann hafði reiknað það út þegar þeir fóru austur á Hérað að það borgaði sig seint. Þannig hafa þessar ferðir verið upplagðar.

Árið 2016 fór ég frá Vík og reið norður á Hraun á Skaga. Svo riðum við frá Hrauni og vestur að Gauksmýri. Það var mjög magnað að koma þar og fá kóngamóttökur hjá Jóa. Síðan var það flutningurinn á hrossunum það árið, keyrðum hrossin í Bolungarvík, riðum svo úr Bolungarvík og þvert á og miðjan var Hveravellir, og svo austur á Ingólfshöfða. Eitt merkilegt gerðist eftir það, að ég hafði gengið með það í maganum að ríða Flosagötu og reyna að sanna að það sem hefði gerst í Njálu væri gerlegt. Vikuna eftir að við kláruðum á Ingólfshöfða 13. ágúst reið Hermann tvisvar frá Svínafelli út á Hvolsvöll, fyrri hlutann með 22 hesta og einn mann með af stað fyrri daginn en svo reið hann einn með þá vestur Fjallabak, þannig að hann reið á undan og þeir þorðu ekki öðru en að elta. Brunaði svo austur ásamt tveimur félögum með 11 hesta en ekki tvo hver, riðu þessa 220km og gekk þetta allt eftir. Voru komnir kl. hálfsex á mánudegi á Þríhyrningshálsa.

2018 fór Hermann seinni hlutann, frá Reykjanesinu og norður á Langanes. Svo á fimm dögum frá Langanesi og austur á Dalatanga, þaðan þvert yfir og Gæsavatnareið og vestur á Öndverðanes. Þegar komið var að Búðum á bakaleiðinni tók hann 17 manna hóp Löngufjörurnar og í Borgarfjörð og enduðu á Staðarhúsum. Þar lét hann staðar numið og þá var farið að draga af vinum hans eða honum þótti vera farið að sjá á þeim. Þeir fengu því að njóta vafans og var ekið heim.

Hermann fór aðeins yfir búnað, undirbúning og skipulag. Búnaðurinn er Williams hestakerra, með farangurskassa (búr frammí), það er mikilvægt. Svo eru það þátttakendurnir og síðan er það skipulag; ákveða dagleiðir, gistingar, mat og fóður. Þetta er þægilegt skipulag hjá honum hvað þetta varðar. Er vakinn og sofinn yfir þessu og ákveður allt sjálfur nema það sem kemur að matnum, þar á konan hans stóran leik. Varðandi hestaferðir er tvennt sem þarf að vera í lagi: Hestarnir og maturinn.

Sýndi hann myndir og fór nánar yfir ýmsa hluti úr ferðum sínum í tengslum við myndasýninguna.

Bað fyrir skilaboð til þingsins. Hefur farið um og verið innan þjóðgarða og ræddi að samskipti sín við Vatnajökulsþjóðgarð og þjóðgarðana séu ekki skemmtileg. Staðsetti hólfi í samstarfi við þjóðgarðsvörð. Áttu að hreinsa alveg hólfin að öllu leyti, heyi og skít og það mátti ekki sjást að þarna hefðu verið hross. Hólfið í Gæsavötnum mjög vel staðsett, inni í hraunjaðri þar sem ekkert sést og við læk. Vildi fá að vera niður við ána sem rennur úr Drekgildi en það var ekki við það komandi því það voru einhverjir grastoppar þar. Ástæðan fyrir því að það skildi hirða upp allt hey var svo að ekki yxu upp óæskilegar grastegundir. Hann vildi vera við ána, svo hún myndi sjá um að hreinsa svæðið. Í vetur hringdi hann og sendi tölvupóst á vörð Vatnajökulsþjóðgarðs til að fá leiðbeiningar um hvernig hann ætti að haga sér og hvernig þetta ætti að vera. Var kallaður til fundar með þjóðgarðsverði og öðrum starfsmanni. En Þórður var látinn hætta í vor og ég vissi ekki hvað starfsmaðurinn hét. Það var svo ekkert til um þennan fund og þegar ég kom austur og hélt mig vera með allt í lagi og öll leyfi, þá var ekkert til og hann neyddur til að breyta áður ákveðinni leið og þurfti að taka á sig 15km aukakrók. Var þeirri stund fegnastur þegar hann var kominn út úr þessum þjóðgarði. Hugnast ekki vel þessi þjóðgarðahýsing. Finnst að eigi að hætta þessu og að Ísland sé bara einn þjóðgarður og að hverju sveitarfélagi verði veitt fjármagn til að reka sitt hálendi, því hálendið og/eða Íslandi er alveg ótrúlega vel skipt á milli sveitarfélaga á landsvísu. Það væri hægt að gera þetta svo margfalt ódýrara. Það er gæfa okkar hestamanna hve

landið er opið fyrir okkur að ferðast um það og hve margir áhugamannahópar eiga skála vítt og breytt.

Að endingu ræddi hann þessa ótrúlegu upplifun að geta gert svona, mega og geta og upplifunin er samt mest hvað hestana varðar. En til þess að hægt sé að gera þetta, þá er ákveðinn liður í því að geta gert svona með hestunum er að þeir séu tamdir aðeins í þetta. Þeir þurfa að vilja þetta og hafa gaman að því, og það hafa þeir. Trippin alast upp í þetta. Á vorin þá fer hann stutt og snögg og passar að ofgera þeim ekki. Þetta verður hreinlega sama uppbygging og hjá þeim sem fara að hlaupa, að gera ekki of mikið fyrst, svo fer þetta að verða gott. Þorir að segja það í þennan hóp að þegar hann kemur til hrossana, þá dugar að kalla, þau koma. Sérstaklega á vorin. Þakkaði að lokum fyrir gott hljóð.

Kjör þingnefnda

Margeir Þorgeirsson formaður kjörnefndar kom í pontu og gerði grein fyrir störfum nefndarinnar en hana skipa ásamt honum Þórður Ingólfsson og Helga Claessen. Kjörnefnd er stjórnskipuð af stjórn LH, þremur mönnum, tveimur mánuðum fyrir landsþing hverju sinni. Kjörnefnd hefur það hlutverk að gera tillögur til landsþings um fulltrúa í sambandsstjórn, þingnefndir og formenn þingnefnda. Starfsnefndir sem verða núna á þinginu eru eftirfarandi, hver nefnd listuð upp ásamt formanni viðkomandi nefndar en svo er stillt upp fjórum til viðbótar í hverja nefnd svo nefndirnar geti verið starfhæfar.

Kjörbréfanefnd, fer yfir öll kjörbréf og hefur þegar sinnt sínum störfum.

Allsherjarnefnd, Pálmi Guðmundsson

Keppnisnefnd, Gísli Guðjónsson

Kynbótanefnd, Arnar Bjarki Sigurðsson

Ferða- og umhverfisnefnd, Halldór H. Halldórsson

Laganefnd, Sigurður Guðmundsson

Fjárhagsnefnd, Sveinbjörn Sveinbjörnsson

Æskulýðsnefnd, Þórunn Eggertsdóttir

Þetta eru þær nefndir sem eru lögskipaðar og ekki þótti ástæða til að setja fleiri nefndir á laggirnar en þingforseti mun svo fara yfir þingskjölin og vísa þeim til nefnda.

Tilkynning varðandi framboð til stjórnar, bæði formann og til stjórnar og varastjórnar þá vinnum við eftir lagabálk sem var gerður 2016. Tilkynning um framboð skal berast kjörnefnd minnst hálfum mánuði fyrir landsþing LH. Sitjandi formaður og aðrir stjórnarmenn skulu tilkynna kjörnefnd hvort þeir gefi kost á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa, minnst fjórum vikum fyrir landsþing LH. Kjörnefnd er heimilt að samþykkja framboð sem koma fram síðar enda hafi ekki komið fram nægur fjöldi frambjóðenda. Eins og fram hefur komið var ekki búið að fylla varastjórnina, en við munum sjá um að gera það og sjá til þess að allt fari vel fram á morgun.

Þingforseti

Fór yfir tillögu kjörnefndar að fulltrúum í nefndir og sagði þá sem ekki eru tilnefndir sérstaklega eiga að velja sér nefnd og sami háttur verður hafður á eins og var fyrir tveimur árum að fólk velji sér nefnd, skrái sig á lista og greiði atkvæði í þeirri nefnd, þannig að menn geti ekki labbað á milli og greitt atkvæði í öllum.

Allsherjarnefnd

Pálmi Guðmundsson, formaður

Ása Hólmarsdóttir

Þórdís Arnardóttir

Freydís Örlygsdóttir

Marteinn Valdimarsson

Keppnisnefnd

Gísli Guðjónsson, formaður

Valur Ásmundsson

Hjörvar Ágústsson

Kristín Lárusdóttir

Rósa Birna

Kynbótanefnd

Arnar Bjarki Sigurðarson, formaður
Kolbrún Grétarsdóttir
Sigurþór Gíslason
Heiðrún Sigurðardóttir
Guðmundur Birkir Þorkelsson

Ferða- og umhverfisnefnd

Halldór H. Halldórsson, formaður
Dagný Bjarnadóttir
Vilhjálmur Ólafsson
Guðrún Fjeldsted
Hallgrímur Anton Frímansson

Laganefnd

Sigurður Guðmundsson, formaður
Marinó Hákonarson
Lilja Björk Reynisdóttir
Ása Hreggviðsdóttir
Atli Már Ingólfsson

Fjárhagsnefnd

Sveinbjörn Sveinbjörnsson, formaður
Brynja Jóna Jónasdóttir
Maríanna Gunnarsdóttir
Vilborg Smáradóttir
Stefán Haraldsson

Æskulýðsnefnd

Þórunn Eggertsdóttir, formaður

Arnhildur Halldórsdóttir
Helga Rósa Pálsdóttir
Rúnar Guðbrandsson
Pétur Bragason

Kjörbréfanefnd

Kristján Þormar Gíslason og Leifur Einar Arason

Þingforseti lagði fram tillögur þingsins og vísaði til nefnda.

Þingskjal 1 er um árgjald – vísað í Fjárhagsnefnd

Þingskjal 2 um aukaskatt – vísað í Fjárhagsnefnd

Þingskjal 3 lagagreinar um keppni í pollaflokki – vísað til Keppnisnefndar og jafnframt óskað eftir umræðu í Æskulýðsnefnd

Þingskjal 4 um mótshaldara – vísað til Keppnisnefndar

Þingskjal 5 val hrossa og keppenda á landsmóti – vísað til Keppnisnefndar

Þingskjal 6 um kafla 5 í reglugerð LH fyrir Íslandsmót – fyrst og fremst vísað til Keppnisnefndar en óskað eftir því að það yrði tekið til umræðu í Æskulýðsnefnd og Laganefnd

Þingskjal 7 gæðingafimi – vísað til Keppnisnefndar

Þingskjal 8 þískur – vísað til Keppnisnefndar

Þingskjal 9 gæðingakeppni – vísað til Keppnisnefndar

Þingskjal 10 grein 2.8.2. framkvæmdanefndir móta – vísað til Allsherjarnefndar

Þingskjal 11 – styrkleikaflokkar fullorðinna – vísað til Keppnisnefndar og Allsherjarnefndar

Þingskjal 12 – framgangur landsmóta – vísað til Fjárhagsnefndar og Allsherjarnefndar

Þingskjal 13 – stöðulistar – vísað til Keppnisnefndar

Þingskjal 14 – uppfæra kafla 3 í lögum – vísað til Allsherjarnefndar og Laganefndar

Þingskjal 15 – ramma utan um Íslandsmót – vísað til Allsherjarnefndar

Þingskjal 16 – spjaldskilagreiningar – vísað til Allsherjarnefndar

Þingskjal 17 – dómarafélög – vísað til Keppnisnefndar

Þingskjal 18 – breytingar á keppnisreglum – vísað til Allsherjarnefndar og Laganefndar

Þingskjal 19 – um fræðslu og TREC – vísað til Æskulýðsnefndar og Allsherjarnefndar

Þingskjal 20 – skráning á Íslandsmetum – vísað til Allsherjarnefndar

Þingskjal 21 – ársreikningur – vísað til Fjárhagsnefndar

Þingskjal 22 – fjárhagsáætlun 2018 og 2019 – vísað til Fjárhagsnefndar

Þingforseti tilkynnir að nefndir byrji strax að starfa. Nefndir starfi eins og þarf frameftir kvöldi, þingfundi frestað kl. 18:45 til morguns.

Afgreiðslur þingskjala á landsþingi LH í Giljaskóla Akureyri laugardaginn 13. október. Þingfundi var framhaldið kl 9:40

Þingforseti Gretar D. Pálsson gaf **Halldóri H Halldórssyni formanni Ferða- og umhverfisnefndar** orðið og flutti hann skýrslu nefndarinnar.

Þrjár ályktanir bárust frá nefndinni:

1. Ferða og umhverfisnefnd þingsins beinir því til stjórnar LH að leita eftir skýrum svörum til umboðsmanns Alþingis um að lagalegur réttur ríðandi umferðar meðfram ám og vatnsbökkum, sé til jafns við gangandi umferð.

Greinargerð:

Borið hefur á því að landeigendur loka fyrir leiðum sem samkvæmt hefðum hafa verið færar ríðandi umferð.

2. Nefndin beinir því einnig til stjórnar LH að gamlar aflagðar girðingar sem eru á vegum opinberra aðila t.d Mast, sveitafélaga og vegagerðar, verði send tilmæli um að fjarlægja þær.

Greinargerð:

Víða liggja ónýtar girðingar niðri og eru á ábyrgð ofangreindra aðila og geta valdið stórhættu fyrir hross og menn.

3. Nefndin leggur til að settur verði kraftur í öryggismál og forvarnir einkum er snýr að skörun hjólandi og ríðandi umferðar. Samtal og samráð við samtök hjólreiðafólks væri æskilegt.

Greinargerð:

Aukin umferð hjólandi í nálægð við reiðleiðir og skörun þeirra getur víða valdið slyshættu. Nauðsynlegt er að uppfærða hjólreiðamenn um þá hættu sem getur skapast við ákveðnar aðstæður.

Þingforseti gaf þeim þingskjalnúmer 23 (ályktun 1) , 24 (ályktun 2) og 25 (ályktun 3). Þingforseti gaf orðið laust um **þingskjal nr. 23**. Engin kvað sér hljóðs. Ályktunin var því borin upp til atkvæða. Hún var samþykkt samhljóða, engin á móti.

Þingforseti gaf orðið laust um **þingskjal nr. 24**. Engin kvað sér hljóðs. Ályktunin var því borin upp til atkvæða. Hún var samþykkt samhljóða, engin á móti.

Þingforseti gaf orðið laust um **þingskjal nr. 25**. Engin kvað sér hljóðs. Ályktunin var því borin upp til atkvæða. Hún var samþykkt samhljóða, engin á móti.

Þingforseti þakkaði Halldóri og Ferða- og umhverfisnefnd fyrir þeirra störf.

Þingforseti gaf **Pálma Guðmundssyni formanni Allsherjarnefndar** orðið og flutti hann skýrslu nefndarinnar.

Allsherjarnefnd fjallaði um þingskjal nr 1 (tillögu um árgjald) þar sem 11 voru hlyntir tillögunni en 12 á móti. Þingforseti tilkynnti að tillagan yrði afgreidd undir skýrslu Fjárhagsnefndar.

Allsherjarnefnd fjallaði um þingskjal nr 2 (tillögu um 300kr aukagjald) þar sem 18 voru hlyntir tillögunni en 4 á mót og einn sat hjá. Þingforseti tilkynnti að tillagan yrði afgreidd undir skýrslu Fjárhagsnefndar.

Allsherjarnefnd fjallaði um þingskjal nr 10 og lagði til að það yrði samþykkt.

Þingskjal 10

61. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Akureyri 12. og 13. október 2018, samþykkir eftirfarandi breytingu á grein 2.8.2, Framkvæmdanefndir móta, í lögum og reglum LH.

Grein 2.8.2 hljóðar svo:

2.8.2 Framkvæmdanefndir móta

Undirbúning móta annast framkvæmdanefnd (sjá þó sérreglur um Íslandsmót og Landsmót), sem stjórn eða stjórnir viðkomandi hestamannafélaga skipa.

Framkvæmdanefnd semur dagskrá mótsins, ákveður skráningargjöld, annast auglýsingu móts, móttöku þátttökutilkynninga og sér um annan undirbúning.

Framkvæmdanefnd ber ábyrgð á að nægjanlega margt starfsfólk sé til staðar.

Framkvæmdanefnd skipar eftirtalda starfsmenn mótsins:

- Mótsstjóra, sem skipa skal um leið og framkvæmdanefnd. Hann annast allan undirbúning móts ásamt framkvæmdanefnd. Hann ber ábyrgð á því að mótið fari fram eftir auglýstri dagskrá. Mótsstjóri ber ábyrgð á að dómöggn séu til staðar ásamt riturum.*

- ~~Yfirdómara, í samráði við dómarnefnd LH, úr hópi dómara, sem dómarnefndin hefur valið. Hann hefur umsjón með störfum dómara, en hefur ekki vald til að breyta niðurstöðu þeirra. Sjá einnig nánar um hlutverk yfirdómara í grein 8.3.3.~~
- Vallarstjóri, sem annast verkstjórn á mótssvæði meðan á móti stendur og hefur umsjón með framkvæmd dagskrár, í samráði við mótsstjóra.
- Þul, sem kynnir dagskrárlíði og kappkostar að mótshald gangi greiðlega fyrir sig.
- Fóta- og reiðtygjaskoðunarmenn, þeir starfa í umboði dómara.

Þingforseti gaf orðið laust um tillöguna, sem felur í sér að yfirstrikað fellur út úr núverandi texta í grein 2.8.2

Engin kvað sér hljóðs. Tillagan var því borin upp til atkvæða. Hún var samþykkt samhljóða, engin á móti.

Allsherjarnefnd fjallaði um þingskjal nr 11 um breytingu á grein 4.2 í reglum LH, og vísuðu henni til umfjöllunar í Keppnisnefnd LH. Þingforseti tilkynnir að tillagan verði afgreidd undir skýrslu Keppnisnefndar.

Allsherjarnefnd fjallaði um þingskjal nr 12 og leggur til að það verði samþykkt. Þingforseti tilkynnti að Fjárhagsnefnd hafi einnig fjallað um skjalið og mæli með samþykkt þess.

Þingskjal nr 12

61. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Akureyri 12. og 13. október 2018, hvetur stjórn Landssambandsins til að leggja vinnu í að grandskoða framgang Landsmótana. Fjöldi borgandi gesta á landsmótum hefur farið fækkandi sem er áhyggjuefni.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr 12. Engin kvað sér hljóðs. Ályktunin var því borin upp til atkvæða. Hún var samþykkt samhljóða, enginn á móti.

Allsherjarnefnd fjallaði um þingskjal nr 14 og leggur til að það verði samþykkt.

Þingforseti upplýsti að laganefnd hefði einnig fjallað um þingskjalið og mæli með samþykki þess.

Þingskjal nr 14

61. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Akureyri 12. og 13. október 2018, hvetur stjórn LH til að leggja vinnu í að uppfæra kafla 3 í lögum og reglum sambandsins til nútímalegs forms.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr 14. Engin kvað sér hljóðs. Ályktunin var því borin upp til atkvæða. Hún var samþykkt samhljóða, enginn á móti.

Allsherjarnefnd fjallaði um þingskjal nr 15 og lagði til að það verði samþykkt.

Þingskjal nr 15

61. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Akureyri 12. og 13. október 2018, beinir því til stjórnar LH að gera ramma utanum Íslandsmót. Hvað keppnissvæði þurfa að uppfylla til að geta haldið mótið, ásamt þeim keppnisgreinum sem keppa skal í. Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr 15. Enginn kvað sér hljóðs. Ályktunin var því borin upp til atkvæða. Hún var samþykkt samhljóða, enginn á móti.

Allsherjarnefnd fjallaði um þingskjal nr 16 og leggur til að tillagan verði samþykkt en jafnframt að laganefnd LH fjalli einnig um þingskjalið. Þingforseti upplýsti að laganefnd LH taki einnig undir tillöguna.

Þingskjal nr 16

61. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Akureyri 12. og 13. október 2018 beinir því til stjórnar LH að fara yfir spjaldaskilgreiningar í reglum sambandsins. Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr 16. Ágúst Hafsteinsson gerði grein fyrir umfjöllun Keppnisnefndar. Fleiri kváðu sér ekki hljóðs. Þingskjalið var því borið upp til atkvæða. Það var samþykkt samhljóða, enginn á móti.

Allsherjarnefnd fjallaði um þingskjal nr 18 og lagði til að það yrði samþykkt. Þingforseti tilkynnti að laganefnd hefði einnig fjallað um þingskjalið og væri einhuga um samþykki þess.

Þingskjal nr 18

61. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Akureyri 12. og 13. október 2018 samþykkir að allar breytingar á keppnisreglum skulu berast keppnisnefnd LH og laganefnd LH hið minnsta 3 mánuðum fyrir upphaf landsþings. Tillögurnar skulu sendar skrifstofu LH sem aftur kemur þeim á viðkomandi nefndir og bókar móttökudag þeirra. Keppnisnefnd og laganefnd skulu fara yfir tillögurnar, kosti þeirra og galla og veita umsögn sína um þær, séu þær þingtækar. Skal sú umsögn fylgja tillögunum inn á landsþing. Við meðferð tillagnanna afla nefndirnar sér þeirra upplýsinga sem þarf, kalla til aðila og veita síðan vandaða umsögn um tillöguna.

Þingforseti gefur orðið laust um þingskjal nr 18.

Eftirtaldir taka til máls:

Ólafur Þórisson telur að 3 mánuðir sé of skammur tími

Hjörtur Bergstað frá Fáki telur tillöguna bæta vinnubrögð og leggur til að tillagan verði samþykkt.

Sigurður Guðmundsson formaður laganefndar gerir athugasemd við að tillagan hafi áhrif á lög LH gr 1.1.2

Þórður Ingólfsson úr Glað er sammála Sigurði að þetta sé tillaga í lagabreytingu. Þingforseti leggur til að þingskjalið verði tekið til umfjöllunar að nýju í laganefnd og verði tekið fyrir að nýju síðar á þinginu. Tillaga Þingforseta samþykkt.

Allsherjarnefnd tók fyrir þingskjal nr 19 og leggur til að það verði samþykkt. Þingforseti upplýsti að Æskulýðsnefnd hefði einnig fjallað um þingskjalið og mælt með samþykkt þess.

Þingskjal nr 19

61. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Akureyri 12. og 13. október 2018, samþykkir að stjórn LH standi fyrir fræðslu til hestamannafélaganna um TREC og bjóði uppá sérstakt námskeið til einstaklinga sem vilja taka að sér þjálfun á TREC fyrir hestamannafélögin.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr 19. Eftirtaldir tóku til máls:

Brynjar Skúlason, Funa

Þórunn Eggertsdóttir, Fáki

Fleiri kváðu sér ekki hljóðs. Þingskjalið var því borið upp til atkvæða. Það var samþykkt samhljóða, engin á móti.

Allsherjarnefnd fjallaði um þingskjal nr 20 og lagði til að það yrði samþykkt.

Þingskjal nr 20

61. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Akureyri 12. og 13. október 2018, samþykkir að skráning á Íslandsmetum verði framkvæmd með sama hætti og gert er hjá alþjóðasamtökum íslenska hestsins, FEIF. Jafnframt verður haldið utan um eldri met og þau birt samhliða gildandi metum.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr 20. Engin kvað sér hljóðs. Tillagan var því borin upp til atkvæða. Hún var samþykkt samhljóða, engin á móti.

Pálmi Guðmundsson þakkaði nefndarmönnum Allsherjarnefndar samstarfið.

Þingforseti þakkaði Pálma og Allsherjarnefnd fyrir þeirra störf.

Gert var 15 mín kaffihlé

Þingfundi framhaldið kl 10:40

Þingforseti gaf **Þórunni Eggertsdóttur formanni Æskulýðsnefndar** orðið og flutti hún skýrslu nefndarinnar.

Æskulýðsnefnd fjallaði um þingskjal 3 og mælir með samþykkt þess með breytingum. -

Fram kom að keppnisnefnd mælir með samþykkt tillögunnar.

Þingskjal nr 3

61. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Akureyri 12. – 13. október 2018, samþykkir að allar lagagreinar um keppni í pollaflokki verði teknar út úr lögum og reglum LH.

Æskulýðsnefnd leggur til að tillagan verði samþykkt með þeirri breytingu að grein 4.1 um aldursflokkaskiptingu haldist inni. Þar stendur: Pollar (9 ára á árinu eða yngri): pollatölt og pollafjörgangur. **EKKI SKAL KEPPT Í POLLAFLOKKI Á ÍSLANDSMÓTI.**

Þingforseti gaf orðið laust um breytingatillögur Æskulýðsnefndar. Engin kvað sér hljóðs. Breytingatillagan var því borin undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

Þingforseti gaf þá orðið laust um þingskjal 3 með áorðnum breytingum. Engin kvað sér hljóðs. Þingskjal 3 með áorðnum breytingum var því borið undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

Þingforseti benti á að breyta þyrfti greinum 7.7.1, 7.7.4.1 og 7.7.6.1 vegna þessa.

Önnur þingskjöl sem yfirfarin voru af Æskulýðsnefnd voru áður afgreidd á þinginu.

Þórunn þakkaði samnefndarmönnum samstarfið.

Þingforseti þakkaði Þórunni og nefndarmönnum Æskulýðsnefndar þeirra störf.

Þingforseti gaf **Gísla Guðjónssyni formanni Keppnisnefndar** orðið og flutti hann skýrslu nefndarinnar.

Keppnisnefnd fjallaði um þingskjal nr 3 og mælir með samþykkt þess. Þingskjal áður samþykkt undir skýrslu Æskulýðsnefndar.

Keppnisnefnd fjallaði um þingskjal nr 4 og þingskjal 11 saman þar sem þau fjalla bæði um grein 4.2 í reglum LH. Keppnisnefnd leggur til að þingskjali nr 11 verði vísað til Keppnisnefndar LH og að þingskjal nr 4 verði samþykkt.

Þingforseti opnaði umræður um tilvísun Keppnisnefndar á þingskjali 11.

Þingskjal 11

61. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Akureyri 12. og 13. október 2018, samþykkir að styrkleikaflokkar fullorðna í íþróttakeppni verði sambærilegir við það sem miðað er við á erlendri grund og skiptist í sport A,B,C,D. Þá eru knapar(keppnispar knapi og hestur) að keppa við aðra knapa (keppnispar knapi og hestur) á sama styrkleikastigi. Með þessu breytist grein 4.2 í reglunum, sjá greinargerð.

Greinargerð

Regla 4.2 Styrkleikaskipting fullorðinsflokks

Sport A, keppnisgreinar T1, T2, V1, F1, P1
(250m), P3(150m), PP1(gæðingskeið), P2(100m)

Sport B, keppnisgreinar T3, T4, V2, F2, P1
(250m), P3(150m), PP1(gæðingskeið), P2(100m)

Sport C, keppnisgreinar T3, T4, T5, T6, T7, T8, V2, V3, V4, V5, V6, F2, F3,
PP2(gæðingskeið), P2(100m)

Sport D,

keppnisgreinar T3, T4, T5, T6, T7, T8, V2, V3, V4, V5, V6, F2, PP2(gæðingskeið), P2(100m)

Parið (knapi og hestur) hækkar upp um styrkleikaflokk nái það lágmarks einkunn styrkleikaflokksins þrisvar sinnum og ber honum þá skylda að keppa í viðkomandi styrkleikaflokki í viðkomandi grein. Leyfilegt er að keppa uppfyrir sig velji menn það. Öllum er leyfilegt að byrja í þeim flokki sem þeir kjósa.

Með þessu fyrirkomulagi eru knapar og hross með svipaðan árangur að keppa innbyrðis óháð því hvort knapar hafi atvinnu af hestamennsku eða ekki. Þetta opnar einnig fyrir knapann að byrja með nýjan hest í léttari styrkleika til að sjá hvernig hestinum gengur í sinni fyrstu keppni. En einnig með því að hafa fyrirkomulagið sambærilegt við keppni á erlendri grund getur það gefið betri mynd af árangri hestsins og hjálpað til við sölu erlendis þegar kaupandi sem keppir í sport B í sínu heimalandi getur séð hvað hestur hefur náð í sport B hér á landi.

Lágmarkseinkunnir skulu ákveðnar af keppnisnefnd LH á hverju ári.

Hugmyndir að einkunarskiptingu

sport A tölt 7,10, fjórgangur 7,00, fimmgangur 6,70, slaktaumur 6,70

sport B tölt 6,70, fjórgangur 6,60, fimmgangur 6,30, slaktaumur 6,30

sport C tölt 6,30, fjórgangur 6,20, fimmgangur 5,90, slaktaumur 5,90

sport D engin lágörk

Þingskjal 11.1 Tillaga keppnisnefndar

“Keppnisnefnd Landsþings samþykkir að vísa þingskjali 11 áfram til keppnisnefndar LH til áframhaldandi umfjöllunar og skal hún koma með tillöguna fullmótaða fyrir næsta Landsþing LH.”

Engin kvað sér hljóðs. Tillaga Keppnisnefndar um að vísa þingskjali 11 til

Keppnisnefndar LH var því borið upp til atkvæða. Það var samþykkt samhljóða, enginn á móti.

Þingforseti tilkynnti að þingskjali nr 11 væri vísað til Keppnisnefndar LH.

Þingforseti gaf því næst orðið laust um þingskjal nr 4.

Þingskjal 4

61. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Akureyri 12. – 13. október 2018, samþykkir að mótshaldarar geti boðið upp á allar keppnisgreinar innan hvers styrkleikaflokks og í því sambandi breytingar á grein 4.2 í lögum og reglum LH.

Grein 4.2 Styrkleikaskipting fullorðinsflokks, meistaraflokkur. **Breytingin er feitletruð og undirstrikuð:**

Er: „Meistaraflokkur: Í meistaraflokki skulu notaðar hringvallargreinar þar sem keppendur eru einir inn á vellinum í einu; T1, T2, V1 og F1. Þar mega allir taka þátt og er hann hugsaður fyrir reynt keppnisfólk. Keppandi má einungis keppa í einum flokki, þ.e. 3. flokki, 2. flokki, 1. flokki eða meistaraflokki á sama móti.“

Verður: „Meistaraflokkur: Í meistaraflokki skulu notaðar hringvallargreinar þar sem keppendur eru einir inn á vellinum í einu; T1, T2, V1 og F1, **sem og fleiri greinar**. Þar mega allir taka þátt og er hann hugsaður fyrir reynt keppnisfólk. Keppandi má einungis keppa í einum flokki, þ.e. 3. flokki, 2. flokki, 1. flokki eða meistaraflokki á sama móti.“

Engin kvað sér hljóðs. Tillagan var því borin upp til atkvæða. Hún var samþykkt samhljóða, engin á móti.

Keppnisnefnd tók fyrir þingskjal nr 5 og nr 13 saman þar sem báðar fjalla um gr 6.5 í reglum LH. Og mælir með samþykkt þeirra beggja. Þingforseti tilkynnir að þingskjal 5 og 13 verði afgreidd saman.

Þingskjal nr 5

61. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Akureyri 12. – 13. október 2018, samþykkir eftirfarandi breytingu á grein 6.5 Val hrossa og keppenda á Landsmót (úrtaka), í lögum og reglum LH.

Í grein 6.5. verður þessi breyting, feitletraðar og undirstrikaðar setningar bætast við:

Er: „....Þá er félögum heimilt að hafa tvær umferðir og gildir þá betri árangur.

Verður: „....Þá er félögum heimilt að hafa tvær umferðir og gildir þá betri árangur. **Séu hestar jafnir gildir árangur úr hinni umferðinni. Fáist ekki niðurstaða bannig, skal kastað upp á það.**“

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr 5. Engin kvað sér ekki hljóðs. Þingskjalið var því borið upp til atkvæða. Það var samþykkt samhljóða, engin á móti.

Þingskjal nr 13

Tillaga

61. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Akureyri 12. og 13. október 2018, samþykkir að bæta inn í reglu 6.5 í lögum og reglum LH varðandi þátttökurétt á landsmótum að það fari börn, unglingar og ungmenni inn af stöðulistum eins og í fullorðinsflokkum.

Greinargerð

Yfirstrikað fer út og feitletrað og undirstrikað fer inn.

..... Til viðbótar þeim hestum sem vinna sér þátttökurétt á Landsmóti í ~~A- og B-flokki~~ **öllum flokkum** í gegnum úrtökur hestamannafélaganna, fá efstu 6 hestar á stöðulistum sem ekki komust inn í gegnum úrtökur hjá sínum félögum, þátttökurétt á landsmóti. Við

lok skráningarfrests á landsmót skal keppnisnefnd fara yfir skráningar og stöðulista og tilkynna þeim sem í hlut eiga um þátttökurétt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr 13. Þingforseti benti á að greinagerð þingskjals 13 væri í reynd tillagan og þannig yrði skjalið afgreitt. Engin kvað sér ekki hljóðs. Þingskjalið var því borið upp til atkvæða. Það var samþykkt, 2 voru á móti. Þingforseti bar upp grein 6.5 í reglum LH upp til samþykktar með áorðnum breytingum. Það var samþykkt samhljóða, engin á móti.

Keppnisnefnd fjallaði um þingskjal nr 6 og lagði til breytingar á skjalinu. Þingforseti upplýsti að Laganefnd hefði einnig fjallað um þingskjal nr 6 og legði til að tillagan yrði felld og að Æskulýðsnefnd hefði fjallað um skjalið án niðurstöðu.

Þingskjal nr 6

61. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Akureyri 12. – 13. október 2018, samþykkir að breyta kafla 5 Reglugerð LH fyrir Íslandsmót.

Er: „5 Reglugerð LH fyrir Íslandsmót

5.1 Ákvörðun um Íslandsmótsstað og dagsetningu

Árþing LH ákveður hvar Íslandsmót í hestaíþróttum skuli haldið hverju sinni, sbr. 1.2.4. gr. laga LH. Mótshaldari skal senda LH staðfestingu innan 30 daga frá lokum þings um að hann taki að sér mótshaldið. Hafi staðfesting ekki borist innan þeirra tímamarka hefur stjórn LH heimild til að úthluta mótshaldinu til varamótsstaðar.

Stefnt skal að því, að á Landsmótsári verði Íslandsmótin haldin saman, hálfum mánuði eftir Landsmót. Á Heimsmeistaramótsári sé stefnt að því að halda mótin sitt í hvoru lagi. Íslandsmót fullorðinna skal haldið aðra helgina í júlí og Íslandsmót barna, unglínga og ungmenna skal haldið þriðju helgina í júlí. Ef mótin eru haldin saman á Heimsmeistaramótsári, skal halda þau aðra helgina í júlí.

5.2 Keppnisgreinar á Íslandsmóti

Á Íslandsmóti fullorðinna skal keppt einum styrkleikaflokki.

Á Íslandsmóti skal keppt í þeim greinum hestaíþróttanna sem skilgreindar eru í kafla 8 til 8.8 í alþjóðlegum keppnisreglum LH. Íslandsmóti skal skipta upp í mót fullorðinna annars vegar og barna, unglínga og ungmenna hins vegar. Á Íslandsmóti barna, unglínga og ungmenna skal keppt í keppnisgreinum þar sem keppendur eru einir inni á hringvellinum í einu, svo sem T1, T2, V1 og F1. Heimilt er að fella niður keppnisgrein náist ekki lágmarks þátttaka til verðlauna. Á Íslandsmóti fullorðinna hafa einungs þeir sem náð hafa tiltekinni lágmarkseinkunn (lágmarkstíma í skeiðgreinum) rétt til þátttöku. Keppnisnefnd verði falið að ákveða lágmörk á hverju ári í febrúar en það verði ekki bundið í lögum, til þess að hægt verði að bregðast við of mikilli/lítilli þátttöku með því að hækka/lækka lágmörk. Þess verði gætt í upphafi að lágmörk verði ekki of ströng. Árangur frá árinu áður telst fullgildur.

5.3 Auglýsing Íslandsmóts

Íslandsmót í hestaíþróttum skal auglýsa í fjölmiðlum með minnst tveggja mánaða fyrirvara. Í auglýsingunni komi fram hvaða upplýsingar keppendum ber að gefa í þáttökutilkynningum sínum. Það aðildarfélag sem heldur Íslandsmót hverju sinni (bæði fullorðinna sem og barna, unglinga og ungmenna) skal sjá um skráningu og innheimtu skráningargjalda keppenda af öllu landinu.

5.4 Framkvæmdanefnd Íslandsmóts

Mótshaldari skal skipa framkvæmdanefnd minnst einu ári áður en mótið skal haldið. LH hefur heimild til að skipa einn mann í framkvæmdanefnd. Framkvæmdanefndin ákveður skráningargjöld, annast auglýsingar móts, móttöku þáttökutilkynninga, ber ábyrgð á að nægjanlega margt starfsfólk sé til staðar og sér um annan undirbúning. Framkvæmdanefnd skipar eftirfarandi embættismenn mótsins:

- **Framkvæmdastjóra.** Hann skal skipaður um leið og framkvæmdanefnd og starfa með henni að undirbúningi mótsins. Hann ber ásamt framkvæmdanefnd ábyrgð á að undirbúningur og aðstaða öll sé tilbúin nægjanlega tímanlega fyrir mót, þannig að keppendur geti æft sig á mótssvæðinu a.m.k. sjö dögum fyrir upphaf móts.
- **Blaða- og auglýsingafulltrúa.** Hann skal skipaður um leið og framkvæmdanefnd og vinni með henni. Hann ber ábyrgð á fjölmiðlatengslum og sér um að koma mótinu á framfæri við fjölmiðla, sér einnig um auglýsingaöflun og önnur mál sem tengjast því.
- **Mótsstjóra.** Hann skal skipaður minnst tveimur mánuðum fyrir upphaf móts. Hann ber ábyrgð á að mótið fari fram eftir auglýstri dagskrá og gangi snurðulaust fyrir sig. Mótsstjóri skal, í samráði við framkvæmdanefnd, bera ábyrgð á að ritarar og dómgögn séu til staðar við upphaf móts.
- **Vallarstjóra.** Hann annast verkstjórn á meðan á móti stendur og hefur umsjón með framkvæmd dagskrár í samráði við mótsstjóra.
- **Buli.** Þeir kynna dagskráratriði og kappkosta að mótshald gangi greiðlega fyrir sig.
- **Fóta- og reiðtygjaskoðunarmenn** starfa í umboði dómara.

Yfirdómnefnd er skipuð yfirdómara, mótsstjóra eða fulltrúa hans, áður tilnefndum af honum, meðlimi framkvæmdanefndar, yfirdómara eða meðlim dómara áður tilnefndum af honum, formanni keppnisnefndar LH eða annars fulltrúa, áður tilnefndum af honum og talsmaður knapa, kosinn fyrir upphaf keppni af virkum keppendum (sjá grein 2.7.2). Á sérstökum unglíngamótum skal fulltrúi knapa vera æskulýðsfulltrúi LH eða annar fulltrúi áður tilnefndur af honum.

5.5 Skipan dómara Íslandsmóts

Dómaranefnd LH skal skipa yfirdómara og með honum hæfustu dómara sem völ er á. Yfirdómari dæmir ekki gangteguðir inni á hringvelli. Skipa skal yfirdómara og dómnefndir a.m.k. mánuði fyrir upphaf mótsins.

5.6 Hlutverk yfirdómnefndar Íslandsmóts

Yfirdómnefnd ábyrgist að mótið fari fram eftir lögum og reglugerðum LH og ÍSÍ. Hún veitir áminningar, sýnir mönnum gul eða rauð spjöld, eftir atvikum og vísar mönnum úr keppni, sé þess þörf. Yfirdómnefnd sendir aganefnd LH skýrslu að móti loknu og sendir inn færur til aganefndar LH, sé þess þörf, eigi síðar en 48 klst. eftir að móti lýkur.

5.7 Ýmis ákvæði um Íslandsmót

Á Íslandsmóti er skylt að halda B-úrslit í gangtegundum í fullorðinsflokki, þ.e. keppni um 6. til 10. sæti, ef skráningar eru 30 eða fleiri. Ávallt er heimilt að halda B úrslit. Í flokkum barna, unglinga og ungmenna er það skylda, ef skráningar eru 20 eða fleiri. Sigurvegari í B-úrslitum vinnur sér rétt til að keppa í A-úrslitum.

5.8 Listi yfir lágmarkskröfur

LH skal leggja lista fyrir mótshaldara yfir þau atriði og aðstöðu, sem gilda skal sem lágmarkskröfur til að halda megi Íslandsmót. Listi þessi skal lagður fyrir mótshaldara eigi síðar en 12 mánuður, einu ári, fyrir mót.

5.9 Gildissvið

Reglugerð þessi gildir fyrir Íslandsmót, þar sem við á. Að öðru leiti gildir reglugerð LH um íþróttamót og keppendur.”

Verður: „5 Reglugerð LH fyrir Íslandsmót

5.1 Ákvörðun um Íslandsmótsstað og dagsetningu

Stjórn LH ákveður hvar Íslandsmót í hestaiþróttum skuli haldið hverju sinni. Þau félög sem hafa áhuga á að halda mótið skulu sækja um til LH fyrir 1. apríl árið áður. Stjórn LH skal taka ákvörðun um Íslandsmótsstað og tíma fyrir 1. maí, árið áður. Dagsetning mótanna skal ákveðin með hliðsjón af Landsmóti og heimsmeistaramótum hverju sinni og má halda mót fullorðinna og ungmenna annars vegar og barna og unglinga hins vegar saman eða í sitt hvoru lagi, eftir því sem hentar hverju sinni.

5.2 Keppnisgreinar á Íslandsmóti

Íslandsmóti skal skipta upp í mót fullorðinna og ungmenna annars vegar og barna og unglinga hins vegar. Mót fullorðinna og ungmenna skal vera Worldranking.

Á Íslandsmóti fullorðinna skal keppt einum styrkleikaflokki. Keppt skal í greinum þar sem keppendur eru einir inni á vellinum í einu (V1, F1, T1, T2 sem og skeiðgreinum, PP1, P1, P3, P2.) Heimilt er að bjóða upp á fleiri greinar, kjósi mótshaldarar svo.

Í ungmennaflokki skal keppa í sömu greinum og í fullorðinsflokki auk þess sem mótshöldurum er heimilt að bjóða upp á fleiri greinar sem og sýningagreinar.

Í sýningargreinum skal ekki krýna Íslandsmeistara.

Á Íslandsmóti barna og unglinga skal keppt í keppnisgreinum þeim sem skilgreindar eru í hverjum aldursflokki. Heimilt er að fella niður keppnisgrein náist ekki lágmarks þátttaka til verðlauna. Mótshöldurum er heimilt að bjóða upp á aðrar greinar sem og sýningargreinar.

Börn keppi í V2, T3, T4, fimi

Unglingar keppi í V1, T1, F2, T4, fimi og skeiðgreinum sem skilgreindar eru.

Á Íslandsmóti fullorðinna hafa einungs þeir sem náð hafa tiltekinni lágmarkseinkunn (lágmarkstíma í skeiðgreinum) rétt til þátttöku.

Keppnisnefnd verði falið að ákveða lágörk á hverju ári í febrúar en það verði ekki bundið í lögum, til þess að hægt verði að bregðast við of mikilli/lítilli þátttöku með því að hækka/lækka lágörk. Þess verði gætt í upphafi að lágörk verði ekki of ströng.

Árangur frá árinu áður telst fullgildur.

5.3 Auglýsing Íslandsmóts

Íslandsmót í hestaíþróttum skal auglýsa í fjölmiðlum með minnst tveggja mánaða fyrirvara. Í auglýsingunni komi fram hvaða upplýsingar keppendum ber að gefa í þáttökutilkynningum sínum. Það aðildarfélag sem heldur Íslandsmót hverju sinni (bæði fullorðinna og ungmenna sem og barna, unglinga) skal sjá um skráningu og innheimtu skráningargjalda keppenda af öllu landinu.

5.4 Framkvæmdanefnd Íslandsmóts

Mótshaldari skal skipa framkvæmdanefnd um áramót, sama ár og mótið er haldið. LH hefur heimild til að skipa einn mann í framkvæmdanefnd. Framkvæmdanefndin ákveður skráningargjöld, annast auglýsingar móts, móttöku þáttökutilkynninga, ber ábyrgð á að nægjanlega margt starfsfólk sé til staðar og sér um annan undirbúning.

Framkvæmdanefnd skipar eftirfarandi embættismenn mótsins:

- **Framkvæmdastjóra.** Hann skal skipaður um leið og framkvæmdanefnd og starfa með henni að undirbúningi mótsins. Hann ber ásamt framkvæmdanefnd ábyrgð á að undirbúningur og aðstaða öll sé tilbúin nægjanlega tímanlega fyrir mót, þannig að keppendur geti æft sig á mótssvæðinu a.m.k. sjö dögum fyrir upphaf móts.
- **Blaða- og auglýsingafulltrúa.** Hann skal skipaður um leið og framkvæmdanefnd og vinni með henni. Hann ber ábyrgð á fjölmiðlatengslum og sér um að koma mótinu á framfæri við fjölmiðla, sér einnig um auglýsingaöflun og önnur mál sem tengjast því.
- **Mótsstjóra.** Hann skal skipaður minnst tveimur mánuðum fyrir upphaf móts. Hann ber ábyrgð á að mótið fari fram eftir auglýstri dagskrá og gangi snurðulaust fyrir sig. Mótsstjóri skal, í samráði við framkvæmdanefnd, bera ábyrgð á að ritarar og dómgögn séu til staðar við upphaf móts.
- **Vallarstjóra.** Hann annast verkstjórn á meðan á móti stendur og hefur umsjón með framkvæmd dagskrár í samráði við mótsstjóra.
- **Þuli.** Þeir kynna dagskráratríði og kappkosta að mótshald gangi greiðlega fyrir sig.
- **Fóta- og reiðtygjaskoðunarmenn** starfa í umboði dómara.

Yfirdómnefnd er skipuð yfirdómara, mótsstjóra eða fulltrúa hans, áður tilnefndum af honum, meðlimi framkvæmdanefndar, yfirdómara eða meðlim dómara áður tilnefndum af honum, formanni keppnisnefndar LH eða annars fulltrúa, áður tilnefndum af honum og talsmaður knapa, kosinn fyrir upphaf keppni af virkum keppendum (sjá grein 2.7.2).

Á sérstökum unglíngamótum skal fulltrúi knapa vera æskulýðsfulltrúi LH eða annar fulltrúi áður tilnefndur af honum.

5.5 Skipan dómara Íslandsmóts

Dómaranefnd LH skal skipa yfirdómara og með honum hæfustu dómara sem völ er á, eftir tillögum frá HÍDÍ. Yfirdómari dæmir ekki gangtegundir inni á hringvelli. Skipa skal yfirdómara og dómnefndir a.m.k. mánuði fyrir upphaf mótsins. Sama gildir um erlenda dómara.

5.6 Hlutverk yfirdómnefndar Íslandsmóts

Yfirdómnefnd ábyrgist að mótið fari fram eftir lögum og reglugerðum LH og ÍSÍ. Hún veitir áminningar, sýnir mönnum gul eða rauð spjöld, eftir atvikum og vísar mönnum úr keppni, sé þess þörf. Yfirdómnefnd sendir aganefnd LH skýrslu að móti loknu og sendir inn kærur til aganefndar LH, sé þess þörf, eigi síðar en 48 klst. eftir að móti lýkur.

5.7 Ýmis ákvæði um Íslandsmót

Á Íslandsmóti er skylt að halda B-úrslit í gangtegunum í fullorðinsflokki, þ.e. keppni um 6. til 10. sæti, ef skráningar eru 30 eða fleiri. Ávallt er heimilt að halda B úrslit. Í flokkum barna, unglínga og ungmenna er það skylda, ef skráningar eru 20 eða fleiri. Sigurvegari í B-úrslitum vinnur sér rétt til að keppa í A-úrslitum.

5.8 Listi yfir lágmarkskröfur

LH skal leggja lista fyrir mótshaldara yfir þau atriði og aðstöðu, sem gilda skal sem lágmarkskröfur til að halda megi Íslandsmót. Listi þessi skal lagður fyrir mótshaldara eigi síðar en 12 mánuður, einu ári, fyrir mót.

5.9 Gildissvið

Reglugerð þessi gildir fyrir Íslandsmót, þar sem við á. Að öðru leiti gildir reglugerð LH um íþróttamót og keppendur.”

Þingforseti tilkynnir að þingskjalið verði borið upp til afgreiðslu eftir greinum, en umræða verði um þingskjalið í heild sinni.

Fyrst er opnað fyrir umræður um breytingatillögu keppnisnefndar á þingskjali 6.

Þingskjal 6.1 Breytingartillaga keppnisnefndar á grein 5.1 í tillögu til breytingar í þingskjali 6. Yfirstrikað fellur út og feitletrað og undirstrikað kemur inn.

5.1 Ákvörðun um Íslandsmótsstað og dagsetningu

Stjórn LH ákveður hvar Íslandsmót í hestaíþróttum skuli haldið hverju sinni. Þau félög sem hafa áhuga á að halda mótið skulu sækja um til LH fyrir 1. apríl árið áður. Stjórn LH skal taka ákvörðun um Íslandsmótsstað og tíma fyrir 1. maí, árið áður.

Árþing LH ákveður hvar Íslandsmót í hestaíþróttum skuli haldið hverju sinni, sbr. 1.2.4. gr. laga LH. Mótshaldari skal senda LH staðfestingu innan 30 daga frá lokum þings um að hann taki að sér mótshaldið. Hafi staðfesting ekki borist innan þeirra tímamarka hefur stjórn LH heimild til að úthluta mótshaldinu til varamótsstaðar.

Dagsetning mótanna skal ákveðin með hliðsjón af Landsmóti og heimsmeistaramótum hverju sinni og má halda mót fullorðinna og ungmenna annars vegar og barna og unglínga hins vegar saman eða í sitt hvoru lagi, eftir því sem hentar hverju sinni.

Þingforseti upplýsti að breytingatillaga Keppnisnefndar um að fyrsta málsgrein í 5.1 verði óbreytt frá núverandi reglum sé til komin vegna þess að að ákvörðun Íslandsmóts er bundin í lögum.

Engin kvað sér hljóðs. Þingskjal 6.1 breytingartillaga keppnisnefndar því borin undir atkvæði. Breytingatillagan samþykkt samhljóða, enginn á móti.

Næst var borin upp grein 5.2 í þingskjali 6

Er:

5.2 Keppnisgreinar á Íslandsmóti

Á Íslandsmóti fullorðinna skal keppt einum styrkleikaflokki.

Á Íslandsmóti skal keppt í þeim greinum hestaíþróttar sem skilgreindar eru í kafla 8 til 8.8 í alþjóðlegum keppnisreglum LH. Íslandsmóti skal skipta upp í mót fullorðinna annars vegar og barna, unglínga og ungmenna hins vegar. Á Íslandsmóti barna, unglínga og ungmenna skal keppt í keppnisgreinum þar sem keppendur eru einir inni á hringvellingum í einu, svo sem T1, T2, V1 og F1. Heimilt er að fella niður keppnisgrein náist ekki lágmarks þátttaka til verðlauna. Á Íslandsmóti fullorðinna hafa einungis þeir sem náð hafa tiltekinni lágmarkseinkunn (lágmarkstíma í skeiðgreinum) rétt til þátttöku. Keppnisnefnd verði falið að ákveða lágmark á hverju ári í febrúar en það verði ekki bundið í lögum, til þess að hægt verði að bregðast við of mikilli/lítilli þátttöku með því að hækka/lækka lágmark. Þess verði gætt í upphafi að lágmark verði ekki of ströng. Árangur frá árinu áður telst fullgildur.

Verður:

5.2 Keppnisgreinar á Íslandsmóti

Íslandsmóti skal skipta upp í mót fullorðinna og ungmenna annars vegar og barna og unglínga hins vegar. Mót fullorðinna og ungmenna skal vera Worldranking.

Á Íslandsmóti fullorðinna skal keppt einum styrkleikaflokki. Keppt skal í greinum þar sem keppendur eru einir inni á vellingum í einu (V1, F1, T1, T2 sem og skeiðgreinum, PP1, P1, P3, P2.) Heimilt er að bjóða upp á fleiri greinar, kjósi mótshaldarar svo.

Í ungmennaflokki skal keppa í sömu greinum og í fullorðinsflokki auk þess sem mótshöldurum er heimilt að bjóða upp á fleiri greinar sem og sýningagreinar.

Í sýningargreinum skal ekki krýna Íslandsmeistara.

Á Íslandsmóti barna og unglínga skal keppt í keppnisgreinum þeim sem skilgreindar eru í hverjum aldursflokki. Heimilt er að fella niður keppnisgrein náist ekki lágmarks þátttaka til verðlauna. Mótshöldurum er heimilt að bjóða upp á aðrar greinar sem og sýningargreinar.

Börn keppi í V2, T3, T4, fimi

Unglingar keppi í V1, T1, F2, T4, fimi og skeiðgreinum sem skilgreindar eru.

Á Íslandsmóti fullorðinna hafa einungis þeir sem náð hafa tiltekinni lágmarkseinkunn (lágmarkstíma í skeiðgreinum) rétt til þátttöku.

Keppnisnefnd verði falið að ákveða lágmark á hverju ári í febrúar en það verði ekki bundið í lögum, til þess að hægt verði að bregðast við of mikilli/lítilli þátttöku með því að hækka/lækka lágmark. Þess verði gætt í upphafi að lágmark verði ekki of ströng. Árangur frá árinu áður telst fullgildur.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr 6 grein 5.2. Engin kvað sér ekki hljóðs. Þingskjalið var því borið upp til atkvæða. Það var samþykkt samhljóða, engin á móti.

Næst var borin upp grein 5.3 í þingskjali 6

Er:

5.3 Auglýsing Íslandsmóts

Íslandsmót í hestaíþróttum skal auglýsa í fjölmiðlum með minnst tveggja mánaða fyrirvara. Í auglýsingunni komi fram hvaða upplýsingar keppendum ber að gefa í þáttökutilkynningum sínum. Það aðildarfélag sem heldur Íslandsmót hverju sinni (bæði fullorðinna sem og barna, unglunga og ungmenna) skal sjá um skráningu og innheimtu skráningargjalda keppenda af öllu landinu.

Verður:

5.3 Auglýsing Íslandsmóts

Íslandsmót í hestaíþróttum skal auglýsa í fjölmiðlum með minnst tveggja mánaða fyrirvara. Í auglýsingunni komi fram hvaða upplýsingar keppendum ber að gefa í þáttökutilkynningum sínum. Það aðildarfélag sem heldur Íslandsmót hverju sinni (bæði fullorðinna og ungmenna sem og barna, unglunga) skal sjá um skráningu og innheimtu skráningargjalda keppenda af öllu landinu.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr 6 grein 5.3. Engin kvað sér ekki hljóðs. Þingskjalið var því borið upp til atkvæða. Það var samþykkt samhljóða, engin á móti.

Næst var borin upp grein 5.4 í þingskjali 6

Er:

5.4 Framkvæmdanefnd Íslandsmóts

Mótshaldari skal skipa framkvæmdanefnd minnst einu ári áður en mótið skal haldið. LH hefur heimild til að skipa einn mann í framkvæmdanefnd. Framkvæmdanefndin ákveður skráningargjöld, annast auglýsingar móts, móttöku þáttökutilkynninga, ber ábyrgð á að nægjanlega margt starfsfólk sé til staðar og sér um annan undirbúning.

Framkvæmdanefnd skipar eftirfarandi embættismenn mótsins:

- **Framkvæmdastjóra.** Hann skal skipaður um leið og framkvæmdanefnd og starfa með henni að undirbúningi mótsins. Hann ber ásamt framkvæmdanefnd ábyrgð á að undirbúningur og aðstaða öll sé tilbúin nægjanlega tímanlega fyrir mót, þannig að keppendur geti æft sig á mótssvæðinu a.m.k. sjö dögum fyrir upphaf móts.
- **Blaða- og auglýsingafulltrúa.** Hann skal skipaður um leið og framkvæmdanefnd og vinni með henni. Hann ber ábyrgð á fjölmiðlatengslum og sér um að koma móttinu á framfæri við fjölmiðla, sér einnig um auglýsingaöflun og önnur mál sem tengjast því.
- **Mótsstjóra.** Hann skal skipaður minnst tveimur mánuðum fyrir upphaf móts. Hann ber ábyrgð á að mótið fari fram eftir auglýstri dagskrá og gangi snurðulaust fyrir sig. Mótsstjóri skal, í samráði við framkvæmdanefnd, bera ábyrgð á að ritarar og dómgögn séu til staðar við upphaf móts.
- **Vallarstjóra.** Hann annast verkstjórn á meðan á móti stendur og hefur umsjón með framkvæmd dagskrár í samráði við mótsstjóra.
- **Buli.** Þeir kynna dagskráratriði og kappkosta að mótshald gangi greiðlega fyrir sig.
- **Fóta- og reiðtygjaskoðunarmenn** starfa í umboði dómara.

Yfirdómnefnd er skipuð yfirdómara, mótsstjóra eða fulltrúa hans, áður tilnefndum af honum, meðlimi framkvæmdanefndar, yfirdómara eða meðlim dómara áður tilnefndum af honum, formanni keppnisnefndar LH eða annars fulltrúa, áður tilnefndum af honum og talsmaður knapa, kosinn fyrir upphaf keppni af virkum keppendum (sjá grein 2.7.2). Á sérstökum unglingamótum skal fulltrúi knapa vera æskulýðsfulltrúi LH eða annar fulltrúi áður tilnefndur af honum.

Verður:

5.4 Framkvæmdanefnd Íslandsmóts

Mótshaldari skal skipa framkvæmdanefnd um áramót, sama ár og mótið er haldið. LH hefur heimild til að skipa einn mann í framkvæmdanefnd. Framkvæmdanefndin ákveður skráningargjöld, annast auglýsingar móts, móttöku þátttökutilkynninga, ber ábyrgð á að nægjanlega margt starfsfólk sé til staðar og sér um annan undirbúning.

Framkvæmdanefnd skipar eftirfarandi embættismenn mótsins:

- **Framkvæmdastjóra.** Hann skal skipaður um leið og framkvæmdanefnd og starfa með henni að undirbúningi mótsins. Hann ber ásamt framkvæmdanefnd ábyrgð á að undirbúningur og aðstaða öll sé tilbúin nægjanlega tímanlega fyrir mót, þannig að keppendur geti æft sig á mótssvæðinu a.m.k. sjö dögum fyrir upphaf móts.

- **Blaða- og auglýsingafulltrúa.** Hann skal skipaður um leið og framkvæmdanefnd og vinni með henni. Hann ber ábyrgð á fjölmiðlatengslum og sér um að koma mótinu á framfæri við fjölmiðla, sér einnig um auglýsingaöflun og önnur mál sem tengjast því.
- **Mótsstjóra.** Hann skal skipaður minnst tveimur mánuðum fyrir upphaf móts. Hann ber ábyrgð á að mótið fari fram eftir auglýstri dagskrá og gangi snurðulaust fyrir sig. Mótsstjóri skal, í samráði við framkvæmdanefnd, bera ábyrgð á að ritarar og dómöggn séu til staðar við upphaf móts.
- **Vallarstjóra.** Hann annast verkstjórn á meðan á móti stendur og hefur umsjón með framkvæmd dagskrár í samráði við mótsstjóra.
- **Buli.** Þeir kynna dagskráratriði og kappkosta að mótshald gangi greiðlega fyrir sig.
- **Fóta- og reiðtygjaskoðunarmenn** starfa í umboði dómara.

Yfirdómnefnd er skipuð yfirdómara, mótsstjóra eða fulltrúa hans, áður tilnefndum af honum, meðlimi framkvæmdanefndar, yfirdómara eða meðlim dómara áður tilnefndum af honum, formanni keppnisnefndar LH eða annars fulltrúa, áður tilnefndum af honum og talsmaður knapa, kosinn fyrir upphaf keppni af virkum keppendum (sjá grein 2.7.2). Á sérstökum unglíngamótum skal fulltrúi knapa vera æskulýðsfulltrúi LH eða annar fulltrúi áður tilnefndur af honum.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr 6 grein 5.4. Engin kvað sér ekki hljóðs. Þingskjalið var því borið upp til atkvæða. Það var samþykkt samhljóða, engin á móti.

Næst var borin upp grein 5.5. í þingskjali 6

Er:

5.5 Skipan dómara Íslandsmóts

Dómaranefnd LH skal skipa yfirdómara og með honum hæfustu dómara sem völ er á. Yfirdómari dæmir ekki gangtegundir inni á hringvelli. Skipa skal yfirdómara og dómnefndir a.m.k. mánuði fyrir upphaf mótsins.

Verður:

5.5 Skipan dómara Íslandsmóts

Dómaranefnd LH skal skipa yfirdómara og með honum hæfustu dómara sem völ er á, eftir tillögum frá HÍDÍ. Yfirdómari dæmir ekki gangtegundir inni á hringvelli. Skipa skal yfirdómara og dómnefndir a.m.k. mánuði fyrir upphaf mótsins. Sama gildir um erlenda dómara.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr 6 grein 5.5. Engin kvað sér ekki hljóðs. Þingskjalið var því borið upp til atkvæða. Það var samþykkt samhljóða, engin á móti.

Þingforseti bar síðan upp kafla 5 í reglugerð LH með áorðnum breytingum. Það var samþykkt samhljóða, engin á móti.

Keppnisnefnd tók fyrir þingskjal nr 7 og leggur til breytingu á þingskjalinu:

Þingskjal nr 7

61. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Akureyri 12. – 13. október 2018, samþykkir að fela stjórn LH að skipa starfshóp til að vinna að því að Ísland verði leiðandi í því að gera gæðingafimi að fullgildri keppnisgrein í lögum og reglum sambandsins. Keppt verði í gæðingafimi til prufu og kynningar fram að næsta landsþingi.

Greinargerð

Gæðingafimi hefur verið að ryðja sér til rúms sem ný og áhugaverð keppnisgrein. Auðvelt er að getuskipta greininni, sem er hvati fyrir nýja keppendur að spreyta sig en einnig fyrir knapa í fremstu röð. Nauðsynlegt er að samræmi sé á milli mótshaldara þegar boðið er upp á greinina á mótum.

Fulltrúar eftirtalinna skulu eiga sæti í starfshópi þessum: Félag tanningamanna, Hestaíþróttadómarafélag Íslands, Gæðingadómarafélag LH og keppnisnefnd LH.

Þingskjal 7.1 Keppnisnefnd leggur til að síðasta málsgrein greinargerðar að viðbættu ..“og Háskólinn á Hólum“ verði hluti af tillögu í þingskjali 7 sem verði þá svo:

*61. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Akureyri 12. – 13. október 2018, samþykkir að fela stjórn LH að skipa starfshóp til að vinna að því að Ísland verði leiðandi í því að gera gæðingafimi að fullgildri keppnisgrein í lögum og reglum sambandsins. Keppt verði í gæðingafimi til prufu og kynningar fram að næsta landsþingi. **Fulltrúar eftirtalinna skulu eiga sæti í starfshópi þessum: Félag tanningamanna, Hestaíþróttadómarafélag Íslands, Gæðingadómarafélag LH og keppnisnefnd LH og Háskólans á Hólum.***

Þingforseti gaf orðið laust um breytingatillögu Keppnisnefndar. Engin kvað sér hljóðs. Breytingatillagan var því borin upp til atkvæða. Það var samþykkt samhljóða, engin á móti.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal 7 með áorðnum breytingum. Engin kvað sér hljóðs.

Þingskjal 7 var því borið upp til atkvæða með áorðnum breytingum. Það var samþykkt samhljóða, engin á móti.

Keppnisnefnd fjallaði um þingskjal nr 8 og lagði til að tillagan yrði felld.

Þingskjal nr 8

61. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Akureyri 12. – 13. október 2018, samþykkir að þískur verði leyfður í gæðingakeppni.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr 8. Engin kvað sér ekki hljóðs. Þingskjalið var því borið upp til atkvæða. Það var fellt samhljóða, engin með.

Keppnisnefnd tók fyrir þingskjal nr 9 og lagði til lagfæringar á tillögunni svo fram kæmi hvar í reglum breytingin kæmi.

Þingskjal nr 9

61. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Akureyri 12. – 13. október 2018, samþykkir að keppnisflokknum A-flokki ungmenna verði bætt við gæðingakeppnina. Þessi flokkur yrði sambærilegur ungmennaflokki, þ.a. einfalt vægi yrði á vilja, fegurð í reið, tölti og skeiði.

Þingforseti leitaði eftir athugasemdum þings hvort ágreiningur væri gerður um þessa lagfæringu. Engar athugasemdir bárust.

Þingskjal nr 9 er þá lagt svona fram:

Tillaga um að endurnefna grein 7.7.4.4. þannig að hún heiti nú B-flokkur ungmenna. Við bætist ný grein 7.7.4.5. sem myndi heita A-flokkur ungmenna. Riðnir skulu þrír hringir og sýnt fet, tölt, brokk, stökk og skeið. Heimilt er að sýna skeið einu sinni á 175 m langri braut, sbr ákvæði 7.4.3. Einfalt vægi yrði á vilja, fegurð í reið, tölti og skeiði.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr 9. Til máls tók Rósa Birna Þorvaldsdóttir, hún er hlynt þessu og styður tillöguna og óskar eftir því að hún verði samþykkt. Hún hefði sjálf viljað hafa þennan flokk þegar hún var í ungmennaflokki. Rósa gagnrýnir tillögurnar sem liggja fyrir þinginu og finnst þær of illa unnar og of mikill tími fari í að leiðrétta orðalag og fleira. Leggur til að betri vinna verði lögð í tillögur framtíðarinnar. Einnig gagnrýnir hún þingfulltrúa sem ekki hafa tíma til að klára sína nefndarvinnu vegna stefnumóta úti í bæ og borðapantana á veitingahúsa. Þingfulltrúar eru þarna til að vinna við þingið og eigi að sýna þinginu meiri virðingu.

Fleiri kváðu sér ekki hljóðs. Þingskjalið var því borið upp til atkvæða. Það var samþykkt, einn var á móti.

Keppnisnefnd tók fyrir þingskjal nr 17 og mælir með samþykki þess.

Þingskjal nr 17

61. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Akureyri 12. og 13. október 2018 samþykkir að beina því til dómarafélaganna að fylgjast vel með framgangi knapa og keppnishrossa í kappreiðum og fara yfir hvort breyta þurfi reglum varðandi þau mál og koma með tillögur á næsta þing sé þess þörf.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr 17. Engin kvað sér ekki hljóðs. Þingskjalið var því borið upp til atkvæða. Það var samþykkt samhljóða, engin á móti.

Gísli Guðjónsson þakkaði nefndarmönnum Keppnisnefndar samstarfið. Þingforseti þakkaði Gísla Guðjónssyni og keppnisnefnd fyrir þeirra störf.

Þingforseti gaf **Sigurði Guðmundssyni formanni Laganefndar** orðið og flutti hann skýrslu laganefndar.

Öll þingskjöl sem Laganefnd fjallaði um hafa verið afgreidd undir skýrslum annara nefnda nema þingskjal 18 sem var vísað til frekari umfjöllunar í nefndinni.

Þingskjal nr 18

61. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Akureyri 12. og 13. október 2018 samþykkir að allar breytingar á keppnisreglum skulu berast keppnisnefnd LH og laganefnd LH hið minnsta 3 mánuðum fyrir upphaf landsþings. Tillögurnar skulu sendar skrifstofu LH sem aftur kemur þeim á viðkomandi nefndir og bókar móttökudag þeirra. Keppnisnefnd og laganefnd skulu fara yfir tillögurnar, kosti þeirra og galla og veita umsögn sína um þær, séu þær þingtækar. Skal sú umsögn fylgja tillögunum inn á landsþing. Við meðferð tillagnanna afla nefndirnar sér þeirra upplýsinga sem þarf, kalla til aðila og veita síðan vandaða umsögn um tillöguna.

Laganefnd leggur til að tillögu í þingskjali 18 verði vísað frá og leitað verði afbrigða og inn komi eftirfarandi tillaga um breytingu á lögum:

Ný málsgrein bætist við grein 1.2.2. í lögum og reglum L.H. svohljóðandi:

„Allar breytingartillögur á keppnisreglum skulu berast keppnisnefnd LH og laganefnd LH hið minnsta 3 mánuðum fyrir upphaf landsþings. Tillögurnar skulu sendar skrifstofu LH sem aftur kemur þeim á viðkomandi nefndir og bókar móttökudag þeirra. Keppnisnefnd og laganefnd skulu fara yfir tillögurnar, kosti þeirra og galla og veita umsögn sína um þær, séu þær þingtækar. Skal sú umsögn fylgja tillögunum inn á landsþing. Við meðferð tillagnanna afla nefndirnar sér þeirra upplýsinga sem þarf, kalla til aðila og veita síðan vandaða umsögn um tillöguna.“

Greinin verði annars óbreytt.

Þingforseti leitaði afbrigða. 2/3 þingfulltrúa þurfa að samþykkja afbrigðin, vel ríflegur ¾ fundarmanna samþykktu afbrigði samhljóða.

Þingforseti gaf því orðið laust um þingskjal 18 sem nú er orðin tillaga að lagabreytingu. Guðmundur Birkisson leggur til orðalagsbreytingu um að allar “breytingatillögur2 skulu ... í stað “tillögur” þetta var samþykkt. Atli Már Ingólfsson í Sörla langar að ræða lög og reglur almennt. Í hans huga gengur ekki upp að hafa lögin og reglurnar eins og þau eru í dag. Vill samþykkja þessa tillögu og svo þarf að endurskoða lög og reglur. Einfalda þarf lögin og ekki rugla saman lögum og reglum.

Fleiri kváðu sér ekki hljóðs. Þingskjalið var því borið upp til atkvæða með áorðinni breytingu. Það var samþykkt samhljóða, engin á móti.

Sigurður Guðmundsson þakkaði nefndarmönnum Laganefndar fyrir samstarfið. Þingforseti þakkaði Sigurði og Laganefnd þeirra störf.

Þingforseti ber lög og reglur LH upp til samþykktar með áorðnum breytingum. Samþykkt samhljóða.

Þingforseti gaf Sveinbirni Sveinbjörnssyni formanni Fjárhagsnefndar orðið og flutti hann skýrslu nefndarinnar.

Fjárhagsnefnd fjallaði um þingskjal nr 1 og leggur til að tillagan verði felld. Áður hefur komið fram að Allsherjarnefnd leggur til það sama með 12 atkvæðum gegn 11.

Þingskjal nr 1

61. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Akureyri 12. – 13. október 2018, samþykkir að árgjald frá aðildarfélögum LH til sambandsins hækki um kr. 250 á hvern gjaldskyldan félag, en félagar á aldrinum 17-69 ára greiða árgjald til LH. Árgjaldið fer þá úr kr. 1.500 í kr. 1.750.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr 1. Eftirtaldir tóku til máls: Ólafur Þórisson gjaldkeri úr Geysi L.H. telur Landsambandið eins og önnur félög geta gert góða hluti fyrir þessar aukatekjur sem inn kæmu með hækkunninni og leggur til að tillagan verði samþykkt. Andrea Þorvaldsdóttir í Létti var á móti því að þessi tillaga yrði lögð fram af stjórn og leggur til að hún verði felld. Nægar kvaðir eru á félögunum og margt annað hægt að gera fyrir peninginn heima í héraði. Mis mikið hvað félögin þurfa að greiða aukalega allt frá 20 þúsund í 350 þúsund á ári. Sveinbjörn Sveinbjörnsson í Spretti er í því félagi sem þarf að greiða 350 þúsund krónur og telur sig geta gert mikið fyrir þann pening enda sé rekstur L.H. í góðum farvegi, í greinagerðinni sem fylgir tillögunni er fyrst og fremst verið að hækka til að hægt sé að veita frjálsan aðgang að myndefni inni í

Woldfeng en ekki í rekstur LH Sveinbjörn leggur til að tilagan verði felld, Sigfús Ólafur Helgason Létti og gullmerkishafi LG, hann er algjörlega á móti þessari tillögu og leggur til að hún verði felld. Ein rökin eru til að styrkja stoðir Skógarhóla og vill Sigfús að þeir sem nota Skógarhóla greiði fyrir þá uppbyggingu sem þar þarf að fara fram. Aðrir skálar í landinu fá ekki aðstoð við að reka þá., Hjörtur Bergstað í Fáki, leggur til að tilagan verði felld. Fákur greiðir um 1,500,000 til L.H. og finnst það bara nóg. Fákur þarf að greiða LH um 11 milljónir fyrir Landsmótið í sumar og samskonar samningar eru uppi á borðinu við Rangárbakka og Sprett og ef það gengur eftir er LH komin með tekjur uppá rúmar 30 milljónir á næstu 4 árum og leggur Hjörtur til að LH greiði sér arð í stað þess að rukka félögin um hærri árgjöld. Ólafur Þórisson gjaldkeri LH úr Geysi, leiðréttir Andreu þar sem gjöld til Sporfengs komi frá skráningargjöldum keppanda en ekki frá LH. Lárus Ástmar Hannesson, þessi tillaga var fyrir þingið að meta það hvort þingið teldi því betur varið að allir fengu aðgang að myndefninu í WF eða ekki. Það er ekkert mál að hafna þessari tillögu og halda áfram með að rukka sérstaklega fyrir það. Noregur og Belgía hafa keypt þetta fyrir alla sína félagsmenn og það er því í höndum þingsins hvort íslendingar fái aðgang að þessu fyrir 250 krónur eða þurfi að greiða 4900 kr. fyrir þetta.

Fleiri kváðu sér ekki hljóðs. Þingskjalið var því borið upp til atkvæða. Tillagan var felld með sýnilegum mun.

Fjárhagsnefnd fjallaði um þingskjal nr 2 og leggur til að tilagan verði felld, áður hefur komið fram að Allsherjarnefnd mælir með samþykkt tillögunnar.

Þingskjal nr 2

61. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Akureyri 12. – 13. október 2018, samþykkir að samþykktur verði aukaskattur á félögin upp á kr. 300 hvern greiðandi félagsmann, fyrir árin 2019 og 2020 vegna markaðsátaksins Horses of Iceland.

Þingforseti benti á að allsherjarnefnd fjallaði um þingskjalið og þar fóru atkvæðin þannig að 18 voru samþykktir, 4 á móti og 1 sat hjá. Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr 2. Eftirtaldir tóku til máls: Rúnar Þór Guðbrandsson úr Herði sem er þáttakandi í verkefninu HOI, hann vill hnykkja á því að verkefninu er ætlað að stuðla að kynningu og nýliðun í hestamanneskunni. Er samvinnuverkefni og ríkið kemur myndarlega að þessu verkefni. Ríkið kallaði á samstöðu hestamanna í þessu verkefni og ríkið óskaði eftir því að þetta yrði unnið í samvinnu LH, BÍ og FHB, þetta verkefni hefur tekið við af Hestatorgi og er að lukkast mjög vel. Hann óskar eftir því að þessi tillaga verði samþykkt. Þúsundir manns komu á opinn dag á LM og kynntu sér hestinn og fleira sem HOI er að gera.

Inga Ósk henni finnst verkefnið vera að gabba okkur, finnst of mikið lagt í sölu og markaðskynningu á hestaatvinnumennsku. Finnst óréttlátt að hinn almenni félagsmaður

þurfi að greiða fyrir þessa kynningu. Henni finnst að atvinnugreinin og hestatengd ferðaþjónusta eigi að greiða fyrir þetta átak ekki við.

Þórdís Anna Gylfadóttir úr Spretti, hefur unnið að þessu verkefni. Skilur vel að hestamannafélögunum finnst þetta mikið að borga en vill benda á hversu mikilvægt þetta er okkur öllum, ekki bara atvinnugreininni heldur í ímyndarbetrun og sýnileika Íslenska hestsins. Í fyrsta sinn eru allir hagsmunaaðilar íslenska hestsins við sama borð og vinna saman. Hún biður um að þessi tillaga verði samþykkt.

Hjörtur Bergstað úr Fákí, Verkefnið er frábært og er að gera marga góða hluti. En er þetta skattur sem félagsmenn í hestamannafélögum á að vera að borga? Hann veltir þessu fyrir sér. Væri þessum peningum betur varið í að styrkja innviði L.H. og styðja við nýliðun. Vill að við einbeitum okkur betur að Íslandi en ekki útlöndum.

Jóhann Albertsson frá Þyt, var vantrúaður á þetta verkefni í upphafi, hestamennskan á undir högg að sækja og þarna er gott tækifæri til kynningar og markaðssetningar. Ef við göngum úr þessu samstarfi erum við að ganga skref aftur á bak og hinn almenni hestamaður þarf að eiga sér talsmann og hann á hann innan þessa verkefnis. Vill einnig vinna meira hér innanlands. Vill gera bækling til að fræða ferðamenn um hestinn. Vill að við samþykkjum þessa tillögu.

Fleiri kváðu sér ekki hljóðs. Þingskjalið var því borið upp til atkvæða. Tillagan var samþykkt með meirihluta atkvæða.

Fjárhagsnefnd fjallaði um ársreikninga LH árin 2016 og 2017 **þingskjal nr 21** og lagði til að þeir yrðu samþykktir.

Þingforseti tilkynnti að ársreikningar hefðu verið til umræðu á þinginu í gær og því yrðu ekki umræður um þá að nýju. Ársreikningar voru því bornir upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

Fjárhagsnefnd fjallaði um fjárhagsáætlánir LH **þingskjal nr 22** og lagði til að þær yrðu samþykktar að teknu tilliti til breytinga sem gera yrði vegna afgreiðslu á þingskjali 1 vegna hækkunar á árgjaldinu.

Sveinbjörn gagnrýnir það að reikningarnir hefðu ekki komið inn á netið fyrr en á fimmtudaginn. Sá tími er of knappur og leggur nefndin það til að, 3 þingið í röð nota bene að reikningarnir komi inn á netið á sama tíma og þingskjölin.

Þingforseti gaf orðið laust, engin kvað sér hljóðs. Fjárhagsáætlánir voru því bornar upp til samþykktar og voru þær samþykktar samhljóða.

Sveinbjörn þakkaði nefndarmönnum samstarfið og þakkaði Maríönnu Gunnarsdóttur ritara sérstaklega.

Þingforseti þakkaði Sveinbirni og nefndarmönnum Fjárhagsnefndar þeirra störf.

Gert var hádegishlé kl. 12:30

Hjörný Snorradóttir verkefnastjóri LH flutti erindið „Máttur menntunar“ Kynnti samstarf ÍSÍ, LH og Hólaskóla um þjálfarastig ÍSÍ.

Kynning á frambjóðendum til formanns LH

Jóna Dís Bragadóttir kynnti sig

Jóna Dís segir ánægjulegt að sjá hversu margir fulltrúar eru mættir til þessa þings. Enda þótt formannskosningar taki bæði orku og athygli til sín, sagðist hún vona að þinggestir tækju með sér heim eftir þingið, aðallega góðar tilfinningar fyrir stöðu hestamenskunnar á Íslandi, viðunandi sátt um þá forystu sem hér verður kosin og breiðari samstöðu um helstu verkefni okkar á næstu árum.

Jóna Dís býður sig fram til að leiða það starf sem framundan er. Gerir sér grein fyrir því að mörgum þyki framboð gegn sitjandi formanni sæta tíðindum en finnst það sjálfri eðlilegasti hluti í heimi og undirstrika jákvæðar hliðar lýðræðisins. Finnst það einnig skylda sín að nýta til fulls þá reynslu og þekkingu sem hún hefur aflað sér í félagsmálastörfum á undanförunum árum og áratugum.

Jóna segir ástæður mótframboðs ekki endilega þurfa að vera málefnalegur ágreiningur. Í hennar tilfalli snýst málið frekar um vinnubrögð, áherslur og forgangs röðun í stjórnarherberginu. Líka traust. Hún telur sig geta gert betur í formanns stólnum, lagt meira af mörkum, virkjað atgervi og leikgleði stjórnarmanna til fulls og lagt málum sem henni finnst brýn, hraðari framgang. Vill að gefnu tilefni einnig undirstrika að hún býður sig ekki fram fyrir suma hestamenn, heldur alla. Segist ekki vera frambjóðandi fjölskyldu, vina eða nágranna á höfuðborgarsvæðinu, heldur hestamanna um allt land. Jóna Dís á sér einn stóran draum fyrir hönd okkar allra. Hann er sá að við vinnum okkur út úr þessum þráláta hrepparíg og sameinumst í einum stórum samheldnum hópi óháð aldri, kyni og búsetu, ef svo má að orði komast. Það er margt sem við séum að gera vel að hennar viti og ekki síst á þeim vettvangi sem ávallt er mest í sviðsljósinu. Segir okkur geta verið sammála um að landsmótið á Hólum hafi tekist mjög vel og einnig landsmótið í Reykjavík. Væntir þess að næstu tvö mót takist líka vel. Finnst hinsvegar að breyta

þurfi fyrirkomulagi sem verið hefur á gjaldtöku vegna mótanna. Þar séum við komin í öngstræti og náí hún kjöri verði það hennar fyrsta verk að endurskoða samninga við hlutaðeigandi. Hún mun hlusta á öll sjónarmið varðandi staðarval landsmóta og leggja fyrst og fremst áherslu á að við náum góðri sátt um fyrirkomulag landsmóta, sem ekki þurfi að jagast um með reglulegu millibili. Er einnig þeirrar skoðunar að landsmótin þurfi ekki öll að vera eins.

Hún er sannfærð um að við eigum að streyma allri keppni á netinu til allra heimshorna og sjónvarpa eins miklu og við mögulega getum hér innanlands án þess að óttast hrun í áhorfendafjölda.

Á þessum sjö mínútum sem skammtaðar eru fyrir þessa ræðu segir hún ekki vera svigrúm til að ræða um veigamikil mál eins og reiðvegagerðina, farsæla starfsemi reiðveganeftdarinnar og frábæran árangur hestamannafélaganna í að gjörnýta hverja naumt skammtaða krónu er fæst til uppbyggingarinnar, samanber nýlegar fréttir úr Bláskógabyggð. Hefur heldur ekki tíma til að tala um Meistaradeild Líflands og Æskunnar sem henni þykir svo vænt um, né heldur um Horses of Iceland verkefnið með Íslandsstofu þar sem hún situr í verkefnastjórn. Getur heldur ekki fjölyrt um hestadagana á höfuðborgarsvæðinu, dag íslenska hestsins sem haldinn er hátíðlegur um allan heim né Skógarhóla sem hún hefur svo lengi barist fyrir. Ekki heldur landsliðsnefnd þar sem hún situr eða afrekshópin sem hún tók þátt í að stofna og heldur utan um. Það er heldur ekki tími til að ræða mikið um nýliðun, en það er klárt mál að þar þurfum við að bæta okkur heldur betur og finna leiðir sem henta hverju hestamannafélagi fyrir sig. Einn hluti í nýliðun er t.d. TREC-ið sem hún segist hafa sérstakan áhuga á. Þar þurfum við líka að vera leiðandi og nýta þá frábæru þekkingu sem þegar er til staðar, sbr. hér í Eyjafirði. Þar erum við með í höndunum verkfæri sem allir geta tekið þátt í án þess að vera með í höndunum rándýran keppnishest eða hafa mikla þekkingu á hringvallargreinunum.

Menntamál eru henni, framhaldsskólakennaranum, ofarlega í huga og segist hún stolt af samstarfi LH og Hólaskóla varðandi þjálfarastig ÍSÍ, það hafi verið mikið framfaraspor í menntamálum fyrir okkur. Einnig þurfum við að halda áfram að mennta börnin okkar og það er hennar von að við getum séð hestamennsku víða sem val í grunn- og framhaldsskólum og þar þurfum við að eiga samtál, við bæði skólana og stjórnvöld.

Mikla vinnu er búið að leggja í Sportfenginn og Appið og það á bara eftir að þróast áfram.

Hún hefur heldur ekki tíma til að ræða alþjóðasamskipti, svo sem við FEIF, norðurlöndin og fleira en þar erum við mjög öflug og okkar fólk mjög virt í því samstarfi. Framundan sé t.d að Æskulýðsnefnd LH haldi alþjóðlegt leiðtoganámskeið í samstarfi við FEIF hér á landi.

Jóna Dís segir að við séum á réttri leið en sumsstaðar bara ekki á réttum hraða. Í aðdraganda þessara kosninga hefur hún hringt í marga þinggesti og orðið margt vísari. Segist þekkja betur en fyrr hvar skóinn kreppir og hvar LH getur komið inn í félagsstarf félaganna af miklu meira afli en verið hefur. Símtölin hafa minnt hana á mikilvægi þess að hlusta og telur hún að LH hafi gott af því að hlusta miklu betur en hingað til, sérstaklega þegar málið snýst um hvernig LH getur veitt aðildarfélögum sínum stuðning. Það séu þau sem haldi utan um allt grasrótastarf, æskulýðsstarf og nýliðun í okkar röðum. Við eigum að koma til móts við vandamál smærri félaga vegna ferðakostnaðar, námskeiðahalds og fundarsókna. Á tímum nútímatækni í net og símasambandi sé nauðsynlegt að nýta betur tækifæri til þess að streyma fundum, slá þar tvær flugur í einu höggi og fjölda þátttakendum og spara peninga.

Hún varð þeirra gæfu aðnjótandi að fara í fundaherferð með æskulýðsnefnd LH síðasta vetur þar sem þau heimsóttu æskulýðsnefndir víða um land og það kom ótrúlega mikið út úr þessum fundum og gaman að sjá hvað mörg félög lögðu mikið á sig til að koma og hitta þau. Finnst þetta skipta mjög miklu máli í starfi LH.

Hennar fólki reiknast svo til að sjálfboðaliðar í félagsstarfi fyrir hestamenskuna leggi fram að minnsta kosti 100.000 vinnustundir á ári sem jafngildir um 60 ársverkum í stjórnar- og nefndarstörfum, aðstoð við móta- og námskeiðahald og áfram mætti lengi telja. Það sé eins gott að þakka fyrir þetta þróttmikla starf með því að sýna öllu þessu fólki þakklæti okkar og virðingu, varðveita jákvætt andrúmsloft og freista þess að láta félagsstörfin ávallt vera ánægjulegan og sjálfsagðan hluta af sportinu sjálfu. Eftir höfðinu dansi nefnilega limirnir. Stjórn LH verður að gefa tóninn. Til þess býður hún fram krafta sína. Á þessu sviði viti hún að við getum gert betur.

Lárus Ástmar Hannesson kynnti sig

Lárus byrjaði á því að þakka Jónu Dís fyrir góða og innblásna ræðu. Benti einnig á og minnti á að við skulum hafa það á bak við eyrað að við erum í félagsmálum, erum fólk sem leggur mikinn tíma og elju í að þjónusta okkar hugðarefni sem er hestamennskan og þurfum að varast að nálgast það á annan máta. Skulum vera auðmjúk gagnvart verkefninu, reyna að vinna saman og gera okkar besta fram á veginn.

Ræðir um að þingið sé búið að vera ánægjulegt og viðurkennir að hann hafi verið með örlítinn beyg fyrir þingið og hélt kannski að m.v. umræðuna í aðdraganda þingsins, sem honum mislíkaði m.v. það að við erum í félagsmálum, að það myndi hafa áhrif á andrúmsloftið á þinginu. En finnst það ekki hafa gerst og segist hann þakklátur fyrir það. Lárus segir hestamenn hafa treyst sér fyrir þessu verkefni, að vera formaður LH, fyrir fjórum árum. Þá var ákaflega sérstök staða uppi hjá sambandinu okkar. Hann gaf kost á sér í verkefnið, var treyst fyrir því og óskar þess núna að þinggestir meti störf hans og þá stöðu sem sambandið er í núna. Þinggestir hafi fjögur ár til að byggja á, en honum dettur ekki til hugar að eigna sér einum þá góðu stöðu sem við erum í. Það sé ekki síst fólkið sem starfar í stjórn og varastjórn sem eiga þátt í því og þar dregur hann ekki fjöður yfir mögnuð störf Jónu Dísar Bragadóttur. Þess vegna hefði hann kannski viljað að við værum að fara inn í tvö ár í viðbót, hann gefur kost á sér til tveggja ára, og mun láta þá staðar numið.

Lárus segir verkefnin vera ærin og að við getum alltaf gert betur. Það sé þannig í þessu starfi og öllu lífinu, ekki bara innan LH. Ræðir að við höfum komist á góðan stað með mjög margt, en verkefnin framundan eru eins og hér hefur komið fram. Við þurfum að gefa í varðandi nýliðun, og það kom fram í skýrslu hvernig við ætlum að gera það, þ.e. í samstarfi við menntanefnd, æskulýðsnefnd, skólastofnanir, sveitarfélög og hestamannafélögin að sjálfsögðu. Þar eru möguleikar. Þar hefur hann tekið þátt í því í Stykkishólmi að vera með hestaval innan grunnskólans og segir þessa þróunn þurfa að fara alla leið eins og sumir eru byrjaðir á og/eða eru að undirbúa félagshesthús. Þetta sé það dýrt sport að við verðum að finna leiðir til að hjálpa fólki af stað. Ræddi að á Hornafirði sé verið að hefja byggingu á félagshesthúsum, þetta sé einnig í Fáki og á fleiri stöðum. Segir alveg klárt að þetta sé leiðin, þetta verði dýrt en við verðum að leggjast á árar.

Lárus segir okkur búa svo vel að undanfarin ár hafi verið mjög gott samstarf innan greinarinnar, það hefur ekki farið á milli mála og það sé grunnurinn í okkar velgengni alveg í víða samhenginu. Það er ekki bara milli hestamannafélaga í héraði, eða hestamanna í hverfi. Það er frá LH í hestamannafélögin, milli Félags hrossabænda og LH, háskólans, BÍ og fleira og fleira. Það er ekki sjálfgefið að svo sé, við þurfum að varðveita þetta og treystir hann sér mjög vel til þess. Biður þinggesti að velta þessari stöðu um samstarf fyrir sér á þessu þingi.

Lárus ræddi að móttframbjóðandi hans hafi rætt að gjaldtaka og afgang vegna landsmóta væri of hátt. Það er þannig og hefur alltaf verið þannig að LH er ekki að fara að setja nein hestamannafélög á hausinn, segir við þinggesti: „Þið eruð Landssamband hestamanna.“ Segir að við þurfum að finna þessu leið og að við getum séð það í hans ritum að við þurfum að finna bestu leiðina og það sé þannig að nú þurfi að hefja samtalið við Fák hvernig við klárum það mál og svo þurfi að leggja línurnar. Hafa þetta einfalt, skilmerkilegt og sanngjarnt. Það sé alveg klárt.

Lárus segist ferðast talsvert á hestum og segist hafa óskaplega gaman að því hvernig ferða- og samgöngunefnd hefur unnið sína hluti. Þarna erum við að tala um þennan almenna hestamann sem hefur gaman að því að ferðast. Segir að þarna þurfum við að sækja fram og reyna að sækja meira fjármagn til ríkisvaldsins í það verkefni, ekki síst því þetta er orðin stór atvinnugrein, þ.e. hestatengd ferðaþjónusta. Eigum að gera kröfur til hennar að hún komi aðeins meira að borðinu.

Lárus heldur að þinggestir hafi skynjað það og geri sér grein fyrir því að það gengur býsna vel hjá sambandinu. Ekki hafi verið nein stór ágreiningsmál. Rætt hefur verið um vinnubrögð, traust og annað slíkt og segist hann harma það ef verið sé að ýja að því gagnvart honum. Frekar hafi það verið þannig að hann hafi verið kallaður að borði varðandi verkefni sem hafi þurft að sætta heldur en hitt. Hann er þó ekki alltaf sammála fólki, það sé bara þannig, en hann virði skoðanir annarra. Segir að þannig verðum við að vinna í félagsmálum.

Lárus segir að hann langi til að vinna fyrir okkur næstu tvö árin, það séu spennandi verkefni í gangi, við komin af stað með margt og hann sé tilbúinn til að halda áfram í tvö ár. Hann segist vona að þinggestir séu sáttir við hans störf þessi fjögur ár, og störf þess góða fólks sem situr í stjórn og hefur lagt hönd á plóg. Óskar þess að þinggestir meti

hans störf og hans vinnu og hafi það á bak við eyrað við hvaða aðstæður hann steig í stafn og hversu hratt leystist úr málum. Það hafi ekki verið létt verk, var mikil vinna, en það var grunnurinn sem þau lögðu fyrir þessi ár. Segir að þinggestir þurfi einnig að spyrja sig af hverju þurfi að skipta um formann. Ætli þeir að senda honum þau skilaboð að þetta hafi gengið illa? Við erum í félagsmálum og þurfum að halda áfram í félagsmálum. Hann treystir sér til þess að vinna með öllu þessu fólki áfram og segist þakklátur fyrir að hafa kynnst mörgum hér sem hann ekki þekkti áður. Segist vita að við eigum áfram eftir að eiga gott samstarf hljóti hann brautargengi. Að þessu sögðu óskar Lárus eftir stuðningi og trausti til næstu tveggja ára og þakkar fyrir sig.

Íslandsmótin 2019-2020.

Þingforseti óskar eftir umsóknum frá félögum til að fá að halda Íslandsmót. Enginn sótti um að fá að halda Íslandsmót. Erindinu er vísað til stjórnar.

Kosningar til formanns

Jóna Dís Bragadóttir hlaut 83 atkvæði.

Lárus Ástmar Hannesson hlaut 91 atkvæði.

Lárus telst því rétt kjörinn formaður Landssambands hestamanna.

Þingforseti greinir frá því að Jóna Dís Bragadóttir hafi óskað eftir að fá að taka til máls og gefur Jónu Dís orðið

Jóna Dís hóf mál sitt á því að þakka því frábæra fólki sem hún starfaði með innan LH, því frábæra fólki sem studdi hana og því frábæra fólki sem hún hefur hitt á ferðum sínum um landið fyrir stuðninginn.

Segir að lýðræðið hafi talað og þingið hafi kosið sér formann. Í þessari kosningabaráttu hafi verið við völd öfl innan hestamenskunnar sem hún er hálfveggin að þurfa ekki að starfa með. Segir: „Þið hafið staðið ykkur vel í því að ráðast á manninn en ekki málefnið og það virðist vera ykkar taktík.“ Segist vona að þeir sem hafi núið henni því t.d. um

nasir að hafa fæðst inn í hennar hræðilegu fjölskyldu, að þeirra sögn, þurfi aldrei að horfa í augun á nokkrum í þeim hópi eða þurfi nokkurn tímann að eiga í samskiptum við neinn þar.

Jóna Dís segist vilja hafa það að leiðarljósi að tala við fólk en ekki um það. Vill benda þinggestum á eitt, þar sem það eru 91 sem kusu Lárus, að hann keyrði 52 eða 53 ferðir til Reykjavíkur á síðustu fjórum árum. Hún hafi farið á 80 fundi sl. 12 mánuði þannig að nú viti þinggestir hvað bíði þeirra og óskar hún þinggestum velfarnaðar í að vinna með formanninum. Óskar Lárusi til hamingju og þakkar fyrir sig.

Þingforseti greinir frá því að Lárus Ástmar Hannesson hafi óskað eftir að fá að taka til máls og gefur Lárusi orðið

Lárus hóf mál sitt á því að segja að honum hafi þótt fyrri ræðan betri hjá Jónu Dís en svona væri þetta.

Lárus þakkaði traustið sem honum hefur verið sýnt og sagðist munu leggja sitt af mörkum af alúð eins og hingað til, til að vinna fyrir hestamenn og með þeim. Segist vera pínulítið stuðaður eftir þessa ræðu, en segir að allir eigi sinn rétt á að tjá sig, en áfram veginn. Segir verkefnin vera framundan og vonar að við vinnum öll saman sem einn hópur og þakkar þessum 91 sem veittu honum sitt umboð. Segist munu standa undir því og þakkar fyrir sig.

Kynning á framboðum til aðalstjórnar.

Stefán Ármannsson dró framboð sitt til baka eftir formannskjörið.

Ólafur Haraldsson, dró framboð sitt til baka eftir formannskjörið.

Andrea M. Þorvaldsdóttir, dró framboð sitt til baka eftir formannskjörið.

Helga B. Helgadóttir, dró framboð sitt til baka eftir formannskjörið.

Ólafur Þórisson, hefur starfað í stjórn í 4 ár og vill bjóða sig fram í aðalstjórn 2 ár í viðbót. Geysi

Sóley Margeirsdóttir, hefur setið í varastjórn í 2 ár og vill bjóða sig fram í aðalstjórn.

Mána

Stefán Logi Haraldsson, býður sig fram í aðalstjórn í 2 ár. Skagfirðingi

Þingforseti gerir þinghlé þar sem ekki eru nægilega margir frambjóðendur til stjórnar og hvetur áhugasama til að koma sér á framfæri við kjörnefnd eða koma með ábendingar um frambjóðendur

15 mín hlé

Fundi er framhaldið, þingforseti gefur formanni kjörnefndar orðið

Formaður kjörnefndar greindi frá framboðum til aðalstjórnar LH:

Ágúst Hafsteinsson – Sleipni
Jean Eggert Hjartarson Classen – Sörla
Oddrún Ýr Sigurðardóttir – Herði
Ólafur Þórisson – Geysi
Sóley Margeirsdóttir – Mána
Stefán Logi Haraldsson – Skagfirðingi

Ekki hafa fleiri gefið kost á sér til setu í aðalstjórn og skoðast þau því sjálfkjörin.

Staðfest með lófataki.

Kynning á framboðum til varastjórnar. Kjörbréfanefnd dró um röðun varastjórnarmanna.

- 1.Lilja Reynisdóttir – Hring
- 5.Ómar Ingi Ómarsson - Hornfirðingi
- 3.Rósa Birna Þorvaldsdóttir - Smára
- 4.Siguroddur Pétursson - Snæfellingi
- 2.Þórdís Arnardóttir - Borgfirðingi

Fleiri framboð hafa ekki borist til varastjórnar LH og skoðast þau því sjálfkjörin.

Stjórn samþykkt með lófataki.

Kynning framboða skoðunarmanna reikninga:

Sigurður Guðmundsson - Herði

Haraldur Guðfinnsson - Spretti

Til vara

Sigurður V. Ragnarsson – Borgfirðingi

Fleiri framboð hafa ekki borist og skoðast þeir því sjálfkjörnir.

Samþykkt með lófataki.

Fulltrúar á ÍSí þing – vísað til stjórnar skv. venju. Samþykkt með lófataki.

Nýkjörin stjórn og varastjórn komu upp í pontu eftir áskorun þings um að fá að sjá hópinn.

Önnur mál

Hjörtur Bergstað óskaði nýkjörinni stjórn og formanni til hamingju með kjörið. Ræddi samstarf félaga á landsmótinu í sumar og að upp hafi komið í framhaldinu í samtali við Sveinbjörn formann Sprettis, að þeir fengju lánað svæðið til að halda Íslandsmótið sitt hjá Fákí. Hirti fannst þetta eitt af því merkasta sem gerðist á árinu að þessi tvö stóru félög hafi tekið þessa ákvörðun um að vinna svona saman.

Í framhaldi af þessu hafi hestamannafélögin á höfuðborgarsvæðinu verið að hittast töluvert. Í ljósi þess þá hafa félögin tekið sig saman skv. eftirfarandi tilkynningu:

„Akureyri 13. október 2018

Eftirtalin hestamannafélög, Adam, Brimfaxi, Fákur, Hörður, Máni, Sóti, Sprettur og Sörli, sækja um Íslandsmót 2019 á félagssvæði Fáks í Víðidal.“

Hann hvetur til þess að þetta verði til eftirbreytni, þ.e. að starfa saman en ekki í sitthvoru lagi og biður önnur félög að taka hestamannafélögin á höfuðborgarsvæðinu til fyrirmyndar. Samþykkt með lófataki.

Þingforseti gaf fulltrúa Skagfirðings orðið

Skapti bauð nýja stjórn velkomna til starfa hjá LH. Tilkynnti svo að Skagfirðingur bjóðist til að halda Landsþing LH 2020 í Skagafirði. Samþykkt með lófataki.

Guðrún Fjeldsted óskaði stjórn til hamingju með kosninguna. Segist vera búin að vera reiðkennari í hartnær 40 ár og það sem hún hefur haft mesta ánægju af í því starfi er reiðþjálfun fyrir fatlaða og fólk sem er með ýmsa hreyfihömlun. Saknar þess að á undanförunum árum hafi ekkert komið fram um möguleika íslenska hestsins á því sviði. Hefur farið erlendis og unnið með stóra hesta og segir að það sé hvergi í heiminum sem við höfum eins góð tækifæri eins og hér með íslenska hestinn. Vonast til þessa að á næsta þingi verði kynning á þessu starfi og skorar á Horses of Iceland að kynna þetta á sínum vettvangi og lýsa þeim gæðum sem íslenski hesturinn hefur í þetta verkefni.

Fleiri tóku ekki til máls undir liðnum önnur mál.

Þingslit

Þingforseti Valdimar Leó gefur formanni LH Lárusi Á Hannessyni orðið til að slíta þingi.

Lárus hóf mál sitt á því að þakka fráfarandi stjórnarmönnum fyrir samstarfið og þeirra störf innan hreyfingarinnar og óskar jafnframt nýjum stjórnarmönnum með kosningu í stjórn LH og segist vænta góðs og árangursríks samstarfs. Lárus þakkaði einnig starfsmönnum þingsins fyrir þeirra skeleggu störf og segir ekki ólíklegt að aftur verði leitað til þingforsetanna tveggja eftir tvö ár vegna þeirra góðu starfa.

Segir að nú horfum við fram á veginn, höfum ekkert með það að gera að vera sundruð, þá getum við ekki neitt en við getum allt ef við vinnum saman. Þakkar fyrir gott þing og óskar þinggestum góðrar heimferðar og segir þessu 61. landsþingi slitið.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir endurritaði þingerð eftir hljóðupptöku.